

66. ÁRSPING HSÍ



PINGGERÐ

66. ársþing HSÍ
miðvikudaginn 19. júní 2024



1. Þingsetning

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, setti sextugasta og sjöunda ársþings HSÍ í Laugardalshöll þann 19. júní 2024. Hann bað þingheim afsökunar á því að þinginu hafi verið frestað í tvígang. Ástæðan væri sú að sambandið lenti í vandræðum með bókhaldið. Nú væri ársreikningurinn tilbúinn og lægi frammi fyrir þinginu, þó hann væri ekki glæsilegur. Þá bað Guðmundur þá sem búa úti á landi sérstaklega afsökunar á því að þingið væri haldið í miðri viku en stjórnin taldi að það væri erfitt að ná fólki saman um helgi svona seint í júní.

2. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður HSÍ gerði það að tillögu sinni að Sigurgeir Valsson yrði kjörinn þingforseti. Engar athugasemdir bárust og þingheimur samþykkti tillöguna með lófaklappi. Guðmundur lagði þá fram tillögu um að hann sjálfur yrði varaþingforseti. Enginn hreyfði við mótbárum og tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Guðmundur bauð Sigurgeir upp í pontu til að taka við fundarstjórn.

3. Staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög

Þingforseti, Sigurgeir Valsson, kannaði lögmæti fundarins með hliðsjón af 8. gr. laga sambandsins. Fundarboð var sent til aðildarfélaga 26. mars þar sem boðað var til fundar þann 27. apríl. Með bréfi til aðildarfélaganna 22. apríl var boðuðum fundi frestað til 24. maí og síðan var fundi frestað til 19. júní. Engar athugasemdir bárust um hvernig staðið var að boðun fundarins og þingforseti lýsti fundinn lögmætan.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti gerði það að tillögu sinni að Magnús Kári Jónsson yrði kjörinn ritari fundarins. Þingheimur samþykkti með lófaklappi. Einnig gerði hann að tillögu að Jóhannes Runólfsson yrði varaþingritari. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Dagskrá fundarins lá fyrir og þingforseti fór almennt yfir dagskránnu og kynnti fyrir fundargestum að þeim myndi gefast tækifæri til að taka til máls undir öllum dagskrárliðum. Þá bað þingforseti þá sem vildu taka til máls vinsamlegast að tilkynna fyrir hvaða aðildarfélag þeir mættu á fundinn svo að hægt væri að færa það til bókar. Sigurgeir kynnti einnig fyrir þingfulltrúum hvernig atkvæðagreiðsla, síðar á þinginu, færi fram.



5. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Ólafur Víðir Ólafsson
- Dagur Snær Steingrímsson
- Herbert Ingi Sigfússon

Þingforseti bauð orðið laust ef þingfulltrúar hefðu einhverjar athugasemdir eða aðrar tillögur. Engin bað um orðið og lýsti þingforseti þá réttkjörna í kjörbréfanefnd.

6. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerðin lá frammi, á þinginu auk þess sem hún var send öllum aðildarfélögum rafrænt fyrir fundinn og hún hafði jafnframt verið birt á heimasíðu sambandsins. Þingforseti staðfesti að þinggerð síðasta árs hafi verið lögð fram með fullnægjandi hætti og bar þinggerðina undir atkvæði. Þinggerðin frá ársþingi HSÍ árið 2023 var samþykkt og staðfest án athugasemda.

Áður en þingforseti sneri sér að dagskrárlið 7 gaf hann formanni sambandsins orðið.

Í ljósi þess að einn af stjórnarmönnum HSÍ, Arnar Þorkelsson, ætlaði að hætta ákvað stjórnin að veita honum viðurkenningu. Arnar starfaði mjög lengi í handboltanum. Hann byrjaði sem leikmaður hjá Gróttu og starfaði í yngri flokkunum. Guðmundur benti þingfulltrúum sérstaklega á að Arnar hafi alltaf verið í Gróttu, að KR hafi aldrei þvælst fyrir honum þarna í Vesturbænum. Síðan var hann yngri flokka þjálfari og var í stjórn HSÍ frá árinu 2016. Þess vegna ákvað stjórnin að veita honum gullmerki HSÍ og Guðmundur bað Arnar að koma og veita því viðtöku. Þingheimur klappaði fyrir Arnari.

7. Ávörp gesta

Júlíus Hafstein, heiðursformaður, fékk orðið.

Júlíus ávarpaði þingheim og sagði það ánægjulegt að vera kominn enn og aftur á HSÍ þing. Hann vildi ekki segja þingfulltrúum hversu langt væri síðan hann fór á sitt fyrsta þing því það væri svo rosalega langt síðan. Hann var ekki viss hvort nokkur þingfulltrúa hafi verið kominn til lífsins. Þá sneri Júlíus sér að öðru og minntist á hve þýðingamikill og sterkur handboltinn væri í íþróttalífinu á Íslandi. Það væri til dæmis ánægjulegt að heyra það að dömurnar okkar í 20 ára landsliðinu hafi verið að vinna sinn fyrsta leik á HM í Skopje og Júlíus vonaði að það gengi svoleiðis áfram. Það væri vísbending um það hvernig væri komið hjá handboltanum í dag. Hann væri alls staðar að skora sitt og gera það vel.

Júlíus leit einnig um öxl og skoðaði hvernig breytingin væri frá því að hann var fyrst í HSÍ. Eitt af því sem skipti mestu máli að hans sögn og skýrði hvers vegna rekstur sambandsins væri jafn erfiður og raun bæri vitni (árið 2022 skilaði sambandið 45 milljóna króna hagnaði en árið 2023



skilaði það 80 milljóna króna tapi) væri að landsliðin í handboltanum væru orðin átta talsins og öll væru þau að berjast á bestu stöðum og standa sig vel. Það væri gríðarlegur kostnaður í kringum þetta og það vissi enginn betur og meira um en formaður, stjórn og starfsmenn HSÍ. Við þessu þarf að gera eitthvað, sagði Júlíus. Það þyrfti að taka á þessu máli. Þetta ætti ekki bara við um handboltann, heldur líka um til dæmis körfuboltann. Það væri ekki alveg það sama með knattspyrnuna vegna þess að KSÍ fengi verulega fjármuni erlendis frá sem aðrar íþróttagreinar nyttu ekki. Júlíus lagði áherslu á að knattspyrnan fengi verulega fjármuni. Hann sagði að ekkert væri við því að gera annað en að óska KSÍ til hamingju en hitt þyrfti að hafa í huga. Hvað ætlaði handboltahreyfingin að gera til þess að taka á þessu máli þannig að hreyfingin myndi halda áfram og áfram og áfram að eiga sterk landslið. Ekki bara eitt og ekki bara tvö, heldur átta. Júlíus sagði karlalandsliðið alltaf hafa verið alveg í blóma lífsins og staðið sig frábærlega vel en það væri líka mikið að gerast með dömurnar. Þær væru að sigla upp á við, styrkjast verulega og væru komnar í góðan handbolta. Það sæist á því að 20 ára landslið kvenna sigraði í sínum fyrsta leik á HM fyrr um daginn og héldi vonandi svoleiðis áfram.

Að lokum sagði Júlíus að það skipti mestu máli að öll í handboltahreyfingunni stæðu saman og það sem skipti allra mestu máli væri hið ágæta starf þingfulltrúanna í íþróttafélögunum, handboltadeildunum og handboltafélögunum. Þeir væru bakverðirnir og það væru þeir sem byggðu upp handboltahreyfinguna með sínu frábæra starfi. Júlíus sagðist glaður yfir því í hvert skipti sem hann sæi og heyrði af því frábæra starfi. Þá óskaði hann þingfulltrúum alls hins besta á þinginu og vonaði að allt gengi áfram vel í handboltanum því ekkert væri meira og betra fyrir íslenskt íþróttalíf en sterkur og öflugur handbolti.

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi stjórnar ÍSÍ, fékk orðið.

Hafsteinn ávarpaði þingheim og flutti kveðju frá forseta ÍSÍ, framkvæmdarstjórn, framkvæmdarstjóra og starfsfólki með þökkum fyrir samstarfið á liðnu ári. Í ljósi umræðu um fjármuni og fjármagn fannst Hafsteini rétt að minna á mikilvægi fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Getspár og Getrauna. Verulegir fjármunir skila sér frá fyrirtækjunum inn í íþróttahreyfinguna þrátt fyrir harðvítuga baráttu við ólöglega spilastarfsemi sem fær að þrífast hér á landi, sagði Hafsteinn. Þá sagði hann að fjármunirnir sem tapast myndu skipta íþróttahreyfinguna miklu máli í sinni baráttu. Hafsteinn vildi meina að Getraunir væru bara með lítið brot af markaðinum. Þó hafi tekist á undanförunum tveimur árum að skila þónokkrum fjármunum út til félaganna. Betur má ef duga skal, sagði hann.

Varðandi afrekssjóðinn sagði Hafsteinn að hluti af tekjunum kæmi frá Getspánni en peningarnir sem kæmu frá ríkinu hafi því miður ekki haldið verðgildi sínu undanfarin ár. Hann vonaði að afrekisstefnan sem stjórnvöld væri að kynna og setja í loftið myndi skila íþróttahreyfingunni eitthvað áfram. Potturinn fyrir afrekssjóðinn hafi verið minni í ár en í fyrra vegna þess að í fyrra var útteilt fyrningum frá covid tímanum, útskýrði Hafsteinn. Því miður hafi þeir peningar ekki verið til í ár því það væri víst einhvern veginn þannig að maður deilir peningum bara út einu sinni, það er hverri krónu fyrir sig. Þetta væri hluti af skýringunni sagði hann en aðalskýringin væri náttúrulega að fjárframlög ríkisins hafi ekki hækkað í takt við verðlagsþróunina og hið aukna starf í hreyfingunni. Þá yrði spennandi að sjá hvort stefnan,



sem Vésteinn vann að og stjórnvöld segðust bakka upp, skili íþróttahreyfingunni einhverjum fjármunum strax á næsta ári. Vonandi yrði það raunin. Hafsteinn sagði að þá skipti miklu máli að hreyfingin sem heild stæði saman órofa um að knýja áfram á um aukið fjármagn frá stjórnvöldum. Hreyfingin þyrfti að vinna sem einn maður og standa virkilega vel saman. Hvatti hann þingfulltrúa til að ná því fram að sama hverjir væru við stjórnvölinn á landinu þá litu allir svo á að betri stuðningur við íþróttastarfið muni skila Íslendingum fram á veginn. Þá næði hreyfingin auknum stuðningi, að mati Hafsteins.

Hafsteinn tók fram, í tengslum við fjármunina, að sérsamböndunum hafi fjölgað á undanförunum árum. Það hafi leitt til þess að fleiri væru um þá fjármuni sem eru til úthlutunar. Það þyrfti að hafa í huga. Hins vegar sagði hann að áherslubreytingarnar í nýju stefnunni væru, samkvæmt hans skilningi, þannig að færri sérsambönd yrðu skilgreind sem afrekssambönd og önnur sambönd sem ekki féllu í þann flokk fengju þá rekstrarstyrki. Hver skiptingin á fjármunum yrði milli afrekspottsins og rekstrarpottsins ætti eftir að koma í ljós. Hafsteinn sagði að það væru ennþá margir óvissuþættir um það hvernig hin breytta mynd kæmi til með að líta út en fyrirheit væru um það að auknir fjármunir yrðu í spilunum. Annað sem að skipti máli líka að sögn Hafsteins, sérstaklega fyrir þá sem ferðast mikið innanlands, væri að ferðasjóðurinn myndi styrkjast samkvæmt nýju stefnunni. Halda þyrfti áfram að ná auknum stuðningi við ferðalögin innanlands þannig að það gæti orðið með ásættanlegum hætti.

Næst óskaði Hafsteinn handknattleikshreyfingunni til hamingju með þann áfanga sem náðst hafði í sambandi við uppbyggingu á bættari aðstöðu. Hann vonaði að þær áætlanir héldu sem kynntar höfðu verið og Íslendingar sæju fram á það að hér á landi risi þjóðarhöll með bættari aðstöðu, og meiri möguleikum fyrir íþróttirnar að komast af með sína leiki með fjölgun áhorfenda. Þá þyrfti það að vera klárt að sérsamböndin hefðu efni á því að fara inn í húsið. Það er eitthvað sem ég held að við þurfum að hafa sterklega í huga, sagði Hafsteinn. Að það sé skýrt að það sé ekki verið að forða sér frá því að nýta aðstöðuna þegar hún er risin.

Ólympíuleikar voru framundan þegar þingið fór fram. Hafsteinn sagði miður að handboltinn hefði ekki verið þar, en ÍSÍ horfði til næstu Ólympíuleika í þeirri fullvissu að handboltinn yrði þá með. Það næðist örugglega með sameinuðu átaki allra. Vonandi, bætti Hafsteinn við. Hann sagði að það yrði spennandi að fylgjast með komandi leikum. Þrír Íslendingar væru komnir á leikana og vonir stæðu til þess að nokkrir bættust við.

Annað sem Hafsteini fannst rétt að koma að voru svæðisskrifstofur sem verið var að koma á laggirnar. Það væri verið að ráða 16 manns á átta skrifstofur sem ættu að vera um landið. Hvernig sú starfsemi kæmi til með að nýtast hreyfingunni ætti eftir að skýrast betur. Þær áherslur sem stjórnvöld og mennta- og barnamálaráðuneytið hafi lagt fram væru að fá sem flesta til þess að taka þátt. Hafsteinn sagði að þær væru í takt við þær sem hreyfingin ynni ávallt að og hvatti HSÍ og alla sambandsaðila til þess að huga að því ná aukinni útbreiðslu um landið og fá fleiri með. Það skipti máli að vera með handboltann sem víðast um landið og Hafsteinn vonaði að vel tækist til með það. Hann sagðist fylgjast með útbreiðslustarfi handboltans sem gengi upp og niður og vonaði að þeim yxi fiskur um hrygg.

Að lokum, sagði Hafsteinn, þá hefur framkvæmdastjórn ÍSÍ falið mér að vinna hérna embættisverk og ég ætla að biðja Arnar að koma hérna upp. Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti



að sæma hann silfurmerki sambandsins. Hafsteinn þurfti ekki að rekja feril Arnars því Guðmundur hafði nýlokið því. Hann sæmdi Arnar silfurmerki ÍSÍ og óskaði þingfulltrúum starfssams og árangursríks þings.

Þingforseti bauð orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þingforseti bauð Ólafi Víði Ólafssyni, formanni kjörbréfanefndar, upp í pontu til að kynna störf nefndarinnar.

Fjöldi þingfulltrúa í salnum var 41. Ólafur tók talningu til að staðfesta fjölda þingfulltrúa frá hverju félagi.

Mætt voru:

Afturelding:	2	ÍR:	4
FH:	2	Selfoss:	2
Fjölnir:	1	Stjarnan:	4
Fram	2	UMSK:	1
Grótta:	2	Valur:	3
Haukar:	4	Víkingur:	3
HK:	4	Þór:	4
ÍBV:	3		

9. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Þingforseti lagði fram tillögu um að sameina allsherjar- og laganefnd í eina nefnd eins og hefur verið undanfarin ár. Engar athugasemdir bárust og var því tillagan samþykkt.

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:

- Reynir Stefánsson
- Ásgeir Jónsson
- Helga Birna Brynjólfsdóttir

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Arnar Þorkelsson
- Sigurborg Kristjánsdóttir
- Gísli Freyr Valdórsson

Engin önnur framboð bárust og töldust þau því réttkjörin. Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum lið. Þingforseti óskaði eftir því að þingnefndir tækju til starfa í þinghléi.



10. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Þingforseti bauð Guðmund B. Ólafsson, formann HSÍ, upp í pontu til að flytja skýrslu stjórnar.

Guðmundur ávarpaði þingið og sagði að síðastliðið ár hefði verið annasamt. Bæði voru mikið af viðburðum og mikið var reynt að fá fulltrúa HSÍ í viðtöl við fjölmiðla þar sem þeir áttu að vera siðferðislöggur í viðskiptum vegna þess við hverja sambandið ætti að eiga samstarf. Guðmundur taldi að forysta HSÍ hafi náð með þögninni að hrista það af sér. Umræðan væri hins vegar dálítið merkileg, sérstaklega varðandi hve erfitt væri að reka sambandið og reyna að fá styrktaraðila til samstarfs, að eiga síðan undir högg að sækja gagnvart þeim sem væru virkilega góðir samstarfsaðilar. Þó var starfsárið almennt séð ánægjulegt, að sögn Guðmundar. Deildarkeppnirnar og keppnirnar gengu mjög vel. Félögin stóðu sig frábærlega í því að búa til betri umgjörð í kringum leiki. Það sást í Evrópukeppnunum og í úrslitakeppninni hvernig félögin reyndu að gera þetta að betri og stærri viðburðum. Öll áttu þau mikið hrós skilið, sagði Guðmundur. Frammistaðan í Evrópukeppninni hjá félagsliðum, öllum sem tóku þátt, sem voru fjölmörg, var mjög góð og ber þar kannski hæst frábær árangur Vals með sigri í Evrópukeppninni. Virkilega frábær árangur og kemur okkur á kortið í Evrópuboltanum á félagsvísu, sagði Guðmundur. Ísland hafi kannski ekki verið að setja sér stór spor þar en með frammistöðu Vals værum við sannarlega komin á kortið. Guðmundur sagðist vona að þetta yrði öðrum félögum líka hvatning hvernig Valur hafi, bæði með árangri og umgjörð í kringum leikina, staðið sig alveg frábærlega.

Árangur kvennalandsliðsins var eftirtektarverður. Guðmundur rifjaði upp fyrir þingfulltrúum að á undanförnum ársþingum hafi verið umræða um kvennaboltann og hvernig hægt væri að lyfta honum á hærra plan. Skýrslur hafi verið gefnar út og nefndir settar á fót til að ræða málefnið. Guðmundur viðurkenndi að engar töfralausnir hafi fundist en árangurinn hafi samt verið mjög góður og eftirtektarverður. Landsliðið og yngri landsliðin hefðu staðið sig algjörlega frábærlega og lyft kvennaboltanum á hærra plan. Guðmundur sagði að fyrir það bæri að þakka Þjálfurunum, Arnari Péturssyni og Gústa Jó [Ágústi Þór Jóhannssyni]. Þeir væru búnir að vera lengi með liðið og það væri farið að skila virkilega vel. Liðin voru 15 ár síðan kvennalandsliðið tók þátt á stórmóti þegar það tók þátt í mótinu í Stavangri í desember 2023 og þó svo að það hafi verið svolítið stór biti að þiggja *Wild card*, sem þó byggðist ekki á einhverjum kunningjaskap við einhvern hjá EHF heldur byggðist á sannarlegum árangri landsliðsins og eftirtektarverðum árangri í framför, þá spilaði liðið mjög vel úr því. Stelpurnar fengu mikla reynslu og árangurinn var góður þó að liðið hafi ekki komist í milliriðil. Það hafi hins vegar verið lykillinn að því að þegar ársþingið fór fram var liðið búið að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótinu í desember 2024.

Allt hjálpist þetta að og þessi árangur leiðir síðan til þess að krakkar fá meiri áhuga á íþróttinni og fleiri iðka hana og þannig eflum við starfið frá öllum hliðum, að sögn Guðmundar. Yngri liðin höfðu líka sýnt frábæran árangur kvenna megin. Lið u17 og u19 tóku þátt í lokamótum sumarið 2023 og tækju þátt í lokamótum á komandi sumri 2024 sem u18 og u20. Eins og Júlíus Hafstein minntist á fyrr á þinginu þá var sigruðu stelpurnar í fyrsta leik á móti Angóla fyrr um daginn og sýnir það að við erum svo sannarlega á réttri leið, sagði Guðmundur. Þá ætti allur þroskaferillinn með yngri liðunum eftir að skila íslenskum handbolta enn betri í árangri til framtíðar.



Karlandslíðið stóð sig einnig vel. Vissulega voru það vonbrigði að komast ekki í umspil á Ólympíuleikum eins og markmiðið var, en þá þyrfti bara að halda áfram og setja ný markmið, að sögn Guðmundar. Líðið hafði þegar tryggt sér þátttöku á HM 2025 og setti stefnuna hátt. Það sama mætti segja um yngri landsliðin karla megin, að bæði u18 og u20 ára liðin tækju þátt í lokakeppnum á komandi sumri 2024.

Árangri fylgir kostnaður. Guðmundur sagði að það mætti kalla það dökku hlið árangurs að það kostar sitt að taka þátt. Árið 2023 var tekin sú ákvörðun að keyra á fullu á yngri landsliðin. Láta þau taka þátt í mótum og æfingamótum með tilheyrandi kostnaði. Afraksturinn var góður en kostnaðarhliðin var líka mikil, að sögn Guðmundar. Það væri ljóst þegar farið væri yfir reikninga sambandsins. Árið 2023 var 85 milljóna króna tap á rekstri sambandsins. Það væru stórar tölur, sérstaklega vegna þess að árið á undan skilaði sambandið 40 milljóna króna hagnaði. Guðmundur sagði þó að það væri ekki markmið í sjálfu sér að skila hagnaði en 85 milljóna króna tapið skýrðist af stórum hluta af árangri, það er þátttaka í stórmótum og þátttaka í keppnum yngri landsliða. Kostnaðarliðirnir flug, gisting og utanumhald hafi hækkað mikið en styrkir hafi aftur á móti ekki hækkað neitt. Handknattleikssambandið hafi fengið sömu 86 milljónirnar úr afrekssjóði ÍSÍ árið 2023 og árið á undan. Það virtist ekki skipta máli þó að kvennalandsliðið hafi tekið þátt í stórmóti í desember, sagði Guðmundur. Rekstur sambandsins væri því þungur.

Guðmundur kom inn á umgjörðina sem íþróttahreyfingin vinnur við þegar kemur að afreksstarfi. Fyrir 4-5 árum síðan hafi verið sett aukið fjármagn í afreksstarfið. Styrkir voru hækkaðir úr 100 milljónum króna upp í 400 milljónir á fjórum árum. Það þótti mikið á þeim tíma en Guðmundur sagði að það hafi ekki skilað meiru til handknattleikssambandsins. Þó að handboltinn væri á afrekssviði á öllum vígstöðum, skilaði það ekki nema þessum 86 milljónum króna til sambandsins. Þessir fjármunir dygðu engan veginn, sagði Guðmundur og bætti við að hann vissi að forysta ÍSÍ væri að vinna í því að reyna að fá ríkisvaldið til þess að leggja meiri pening í afreksíþróttir. Það hafi bara ekki skilað nægilega miklum árangri hingað til. Setja yrði meiri kraft í starfið því að í raun og veru væri hægt að kalla rekstur HSÍ árið 2023 afrekstap. Dökka hliðin væri sú að ef ekki fengist meira fjármagn þyrfti HSÍ að draga aftur úr starfseminni. Draga þyrfti úr umfangi yngri landsliða og kostnaði í kringum þau mót ásamt undirbúningi stóru landsliðanna. Guðmundur tók dæmi um að stjórnvöld settu milljarða króna í suma málaflokka þar sem kostnaðurinn ykist að því er virtist stjórnlaust á hverju ári. Hann sagðist ekkert skilja í ráðamönnum þjóðarinnar að innviðirnir, samfélagið okkar, fengju ekki stærri hlut af kökunni. Íþróttir væru samfélagsleg ábyrgð og innviðirnir í samfélaginu gerðu okkur að samfélagi. Guðmundi fannst það misskipting þegar stórar upphæðir færu í málaflokka sem menn hefðu enga stjórn á og sagði að því viðhorfi þyrfti að breyta. Það væri ekkert eðlilegt að krakkar og unglingar sem kepptu fyrir yngri landslið þyrftu að borga hundruð þúsunda króna eða safna fyrir því, til að keppa á lokamótum í Evrópu. Þetta er ekkert í lagi, sagði Guðmundur. Aðspurðir segja kollegar Guðmundar, á Norðurlöndunum og annars staðar í nálægum löndum, að engir krakkar borga sjálfir eins og gert er á Íslandi. Þessu þarf sannarlega að breyta, að sögn Guðmundar, vegna þess að íþróttastarfið skapar fyrirmyndir, heldur krökkum frá vímuefnum og skapar stolt í samfélaginu þegar góður árangur næst. Þá verði líka að fylgja að sambandið geti sinnt starfinu eins og það vill. Um þessar mundir er verið að tala um það hjá ÍSÍ að ráða 16 starfsmenn í afreksstarf út um allt land og Guðmundur beindi því til ÍSÍ að þeir



fjármunir yrðu ekki sóttir í fyrirtækin úr hverjum íþróttasamböndin fengju styrk. Ef hugsunin væri að ríkisvaldið setji upp afreksstefnu sem fyrirtækin ættu að greiða gæti það orðið á kostnað sérsambandanna og félaganna sem ynnu stöðugt í því að afla sér styrkja. Því þyrfti að huga vel að því hvernig þetta verkefni ÍSÍ yrði fjármagnað þannig að sérsamböndin nytu góðs af því afreksstarfi. Guðmundur dróg þetta saman. Dökka hliðin á árangri landsliðanna krefðist þess að sambandið þyrfti að safna meiri peningum, yrði duglegra að afla styrktaraðila og hugsanlega líka að fara selja sig dýrara. Stjórn sambandsins stefndi að því á næsta starfsári að endurskipuleggja og endurskilgreina í raun og veru vörumerki HSÍ til þess að reyna að ná meiri peningum inn í sambandið.

Ánægjulegt hafði verið þegar stjórnvöld tóku fyrir á árinu lokaákvörðun um að byggja hér þjóðarhöll. Guðmundur rifjaði upp að þegar heimsmeistaramótið var haldið hér á landi árið 1995 var forsendan fyrir því að ríkisstjórnin lofaði að byggja hér þjóðarhöll fyrir mótið. Þó varð nú ekki af því. Nú væru hins vegar komin fyrirheit fyrir því að nýtt hús yrði risið árið 2027 og Guðmundur taldi að það myndi skapa möguleika á að stækka handboltann en frekar. Þá sagði hann að þegar Ísland hafði verið beðið um að vera þátttakandi með Noregi og Danmörku að halda mót árið 2031 var það talið vera framfaraskref að taka þátt í því verkefni með leikjum hér á landi í nýrri þjóðarhöll. Það setji líka pressu á stjórnvöld að klára sín loforð. Guðmundur hélt að slíkar aðgerðir gætu verið mikill uppgangur fyrir handboltann, ekki bara utan frá heldur líka að handboltinn yrði stærri inni í samfélaginu okkar en áður.

Erfiðasta verkefni síðastliðins vetrar var sjónvarpsmálin, að sögn Guðmundar. Á ársþinginu var akkúrat ár síðan HSÍ fékk högg þegar tilkynnt var að Sýn ætlaði ekki að sýna frá handboltanum. Hins vegar með hjálp Símans tók sambandið þá ákvörðun að kaupa myndavélar í hvert hús til að sýna frá leikjunum. Tæknilegir örðuleikar urðu til þess að sambandið taldi sig ekki geta rukkað fyrir þá þjónustu sem skyldi vegna þess að HSÍ vildi ekki að fólk fengi neikvæða upplifun í upphafi verkefnisins. Sú ákvörðun olli ákveðnu fjárhagstjóni en þegar leið á tímabilið, og með samstarfi við KUKL með útsendingar, taldi Guðmundur að sambandið hafi gert þetta vel. Hann hvatti þingfulltrúa til þess að leiða hugann að því að HSÍ væri frumkvöðull í þessari útsendingaraðferð. Þá sagði hann að hægt væri að sjá þetta módel á netinu þar sem deildirnar í Ameríku og Evrópu væru að selja inn á sínar síður og þetta væri upphafið á því. Hafnar væru viðræður við Símann, og að vísu Sýn líka, um áframhaldið. Stjórn HSÍ taldi að með því að halda áfram á þessari braut til framtíðar myndi þetta skila inn tekjum til sambandsins, strax á næsta ári og enn meira á þar næsta ári, því enn væri verið að leggja út peninga fyrir myndavélar. Tekin hafi verið ákvörðun um að fjölga myndavélum í húsunum til þess að geta sýnt frá leikjum yngri flokkanna. Þá reyndist of erfitt að vera með eina vél í stórum húsum og því kæmu myndavélar hvor sínum megin til þess að geta tekið leikina upp og þannig líka aukið aðgang að handboltapassanum. Markmið stjórnarinnar fyrir tímabilið var að ná 3.500 áskrifendum að handboltapassanum. Þegar ársþingið fór fram voru um 4000 áskrifendur. Hins vegar var ekki byrjað að selja fyrr en í desember 2023 þannig að HSÍ taldi sig eiga mikið inni þar, og þá sérstaklega þegar yngri flokkarnir yrðu sýnilegir og ömmur og afar, frændfólk og foreldrar gætu fylgst með börnunum sínum spila í beinni útsendingu. Guðmundur upplýsti þingfulltrúa um áhorfstölur á sjónvarpsútsendingarnar. Fyrstu tölur bárust þegar undanúrslitin byrjuðu. Þá voru allt upp í 25.000 tæki eða heimili að fylgjast með leikjunum í uppsöfnuðu áhorfi. Þegar úrslitin komu hækkaði talan upp í 50.000 tæki eða



heimili. Guðmundur sagði að margir tryðu þessu ekki. Aðrar íþróttagreinar tryðu þessu ekki. Sýn tryði þessu ekki. Þetta sýni hins vegar hvað áhuginn er raunverulega mikill og hvað handboltinn á mikið inni þar. Guðmundi fannst að HSÍ ætti að halda áfram þessu frumkvöðlastarfi og gera enn betur á næsta ári.

Verkefni eru mörg á lítilli skrifstofu og Guðmundur sagði það óneitanlega bitna á öðrum verkefnum, svo sem útbreiðsluverkefnum, fræðslumálum og afreksmálum. Hann bað þingheim afsökunar ef eitthvað skyldi hafa klikkað á liðnu tímabili því erfiðlega hafi gengið að manna skrifstofuna. Vonast hafi verið að hægt yrði að efla þá starfsemi. Hugmyndir hafi verið uppi um að stofna stöðu íþróttastjóra og afreksstjóra og reyna að tengja þau störf saman en vegna fjárhagsörðuleika yrði það ekki hægt strax. Guðmundur þakkaði starfsmönnum á skrifstofu fyrir frábært starf. Hann sagði engan trúa því hversu fáir rækju þetta apparat og Róbert væri búinn að standa sig alveg frábærlega eins og aðrir starfsmenn síðastliðinn vetur. Álagið hafi verið mikið en nú væri HSÍ að skila þessu af sér.

Arnar hætti í stjórn á þinginu og Guðmundur grínaðist með að það væri vegna þess að hann hafi fengið á sig slagsíðu við það að fá öll merkin. Þá vék Kristján Gaukur úr stjórn en kom inn í varastjórn. Guðmundur þakkaði þeim fyrir samstarfið í gegnum árin og öðrum stjórnarmönnum fyrir gott samstarf síðastliðið tímabil. Stjórnin væri alltaf að vinna fram á við og þó að skrefin væru ekki stór þá taldi Guðmundur að framtíð handboltans væri mjög björt og saman gæti handboltahreyfingin unnið að bjartari framtíð og vinsælli handbolta þegar fram liðu stundir.

Þingforseti minnti þingfulltrúa á að þeim væri frjálst að tjá sig undir þessum lið en bar jafnframt fram þá tillögu að umræða um skýrslu stjórnar færi fram með dagskrárlið 12, sem væri umræða um reikninga HSÍ.

Engar athugasemdir bárust og var tillagan því samþykkt.

67. ÁRSPING HSÍ



Skýrsla stjórnar HSÍ Þingskjal I



Skýrsla stjórnar

Margt hefur drifið á dagana í starfi HSI á liðnu starfsári. Bæði hafa komið upp erfið mál sem hafa krafist skjótrar úrlaunar sem og góð tíðindi af árangri bæði landsliða og félagsliða.

Deildarkeppnin - félagslið

Almennt starf við skipulagningu móta og framkvæmd mótafyrirkomulags hefur gengið vel. Þá hefur verið unnið öflugt starf í félögum þó rekstur sé enn sem fyrr almennt erfiður. Þó er aðáunarvert að sjá hve félögin hafa lagt sig fram við að gera umhverfi leikja flottara sem hafa dregið að fleiri áhorfendur og stærri leikir verða að meiri viðburðum. Er það vel. Þetta hefur verið áberandi í úrslitakeppninni sem og í stórleikjum Vals í Evrópukeppninni og er árangur Vals í Evrópukeppnum aðáunarverður ekki bara í ár heldur einnig undanfarin ár og hefur félagið komið Íslandi á kortið meðal evrópskra félagsliða með sigri í Evrópukeppninni. Árangur Vals á einnig að vera öðrum liðum hvatning til þátttöku í Evrópumótum þó vissulega sé um fjárhagslega áhættu að ræða.

Kvenna landslið

Á undanförunum árum höfum við rætt hér á þinginu um kvennastarfið og framtíð kvennahandboltans. Umræðan hefur verið holl og góð og þó svo að við höfum ekki fundið neinar töfralausnir þá er eftirtektarvert hve árangur okkar á alþjóðavísu hefur aukist. Landsliðið tók þátt í heimsmeistaramótinu í Stavanger í desember sl. en þar fengum við svo kallað "wild card" en sú ákvörðun byggðist á eftirtektarverðum bættum árangri liðsins undanfarin ár. Það tækifæri var vel nýtt og öðlaðist liðið mikla reynslu á því móti og munaði litlu að við kæmumst upp úr milliriðli. Sú reynsla fleytti okkur svo áfram og við tryggðum okkur nú í vor þátttöku á EM í komandi desember. Þetta er mikil framför í ljósi þess að það eru nú um 15 ár frá því að við vorum síðast þátttakendur á stórmóti. Þáttaka á stórmótum er ein af leiðunum til að auka áhuga á handbolta hjá krökkum. Þáttaka skapar umræðu um handboltann og ungir krakkar sjá fyrirmyndir og þá um leið kviknar áhuginn á handbolta. Í þessu sambandi ber einnig að geta þess að árangur yngri kvennalandsliða hefur aldrei verið betri. U-17 og U-19 ára landslið kvenna tók þátt stórmótum sl. sumar, en það hefur lengi verið markmið okkar að koma yngri landsliðum kvenna þangað. Nú í sumar tekur U-18 tekur þátt í HM í Norður Makedóníu og U 20 tekur einnig þátt í HM í Kína. eru þetta ánægjulega og mun veita leikmönnum reynslu og þroska til að takast á við enn stærri verkefni í framtíðinni.

Fjármál

Dökka hliðin á velgengni í íþróttum er fjármögnunin á bak við þátttöku í stórmótum.

Fyrir um 5 árum var tekið stórt skerf til að auka fjármagn til íþróttanna í landinu. Afrekssjóður var stækkaður úr 100 m.kr. í 400 m.kr. Þó svo að stökkið hafi verið stórt þá duga þessir fjármunir ekki til reksturs öflugs afrekssstarfs. HSÍ fær um 80 m.kr. úr afrekssjóði sem er um 1/3 af rekstrarfé sambandsins. Er kvennalandsliðið ávann sér þáttökurétt á HM fékkst engin viðbótar fjármögnun en þátttaka í stórmóti hvort sem er kvenna megin eða karla megin er um 25 m.kr. Þá er eftir að greiða laun til þjálfara og annarra sem koma að liðinu, kostnað við undirbúning og aðra landsleiki heima og heiman. Ljóst er að þeir fjármunir sem settir eru í afrekssstarf á Íslandi hvort sem talað er um handbolta eða aðrar íþróttagreinar þá duga þessir fjármunir engan veginn. Umræddir fjármunir hafa ekki tekið hækkunum á þessum 4 árum þrátt fyrir verðbólgu, og því má segja að dregið hafi verið úr stuðningi til íþróttanna. Við finnum vel fyrir hækkunum á þeim þjónustubáttum sem vega þyngst í okkar rekstri sem er hótél og ferðakostnaður sem leiðir til þess að aðrir þættir starfseminnar s.s. útbreiðsla, skipulagt afrekssstarf hefur setið á hakanum.



Við þetta bætist að þrátt fyrir mikinn vilja til að vera í fremstu röð þá höfum við ekki ráð á að styðja nægilega vel við bakið á yngri landsliðum okkar. Sem dæmi má nefna að unglingslandsliðsstúlkurnar okkar þurfa til að greiða sjálfar úr eigin vasa 600.000 kr. til að kosta þátttöku í þeim stórmótum sem þær hafa öðlast keppnisrétt á. Það er alls óviðunandi að ungmenni sem keppa fyrir Íslands hönd þurfi að fjármagan slíkar keppnisferðir sjálfar. Ég get fullyrt að þetta gerist ekki hjá nágrannabjóðum okkar.

Það eru margir sem keppast um lítið fjármagn í samfélaginu og ekki er ástæða til að tala niður til annarra sem sækjast eftir fjármagni, en nauðsynlegt er að viðurkenna í verki gildi íþróttar í samfélaginu, gagnsemi í barna og unglingsstarfi auk þess sem afreksstarf eykur samheldni, skapar jákvæðar fyrirmyndir og eykur lífshamingju þjóðarinnar. Fjármagn til íþróttar er virkilega val varið og það er kominn tími til að sýna það í verki. Þó svo að það sé nú unnið að öflugra afreksstarfi um allt land þá verður að tryggja að það sé fjármagnað ef ríkinu en fjármagn ekki sótt til fyrirtækja enda hefði það þær afleiðingar að enn erfiðara verður að fjármagna félögin og samböndin.

Karla handboltinn

Árangur karlalíðsins hefur verið svipaður og undanfarin ár. Nýr þjálfari kom til starfa sl. sumar og er ánægja með hans störf. Þó verður að segjast að það voru vissulega vonbrigði að komast ekki í umspil fyrir Ólympíuleika en fyrst það tókst ekki munum við setja okkur ný markmið og nú höfum við þegar tryggt okkur þátttöku á HM 2025 og stefnum hátt.

Yngri landslið okkar bæði 18 ára og 20 ára liðin taka þátt í lokakeppnum EM í sumar.

Þjóðarhöll – HM 2031

Það var ánægjulegt er stjórnvöld tóku endalega ákvörðun um að reisa nýja þjóðarhöll sem mun taka 8.600 manns í sæti. Vonast er til að hún verði risin árið 2027 og mun hafa mikil áhrif á íslenskt íþróttalíf. Loks sér fyrir endann á langri baráttu okkar og fleiri fyrir nýrri þjóðarhöll en er Ísland sótti um að halda MH 1995 voru gefin fyrirheit um nýja höll sem ekki var staðið við. Með ákvörðuninni nú opnuðust ný tækifæri til að hald stórmót að nýju.

Þegar komið var að máli við okkur um hvort við værum tilbúin til að sækja um að halda HM 2029 eða 2031 í samstarf með vinabjóðum okkar Danmörk og Noregi ákváðum við að slá til. Það að halda stórmót skapar ekki bara umtal og athygli erlendis frá heldur fyrst og fremst eykst áhuginn á íþróttinni innan lands og verður til þess að iðkendum fjölgar og meira fjármagn fæst til framgangs handboltans.

Sjónvarpsmál

Eitt erfiðasta verkefni á yfirstandandi ári var að takast á við breytta stöðu varðandi útsendingu á handbolta í sjónvarpi. Sl. sumar fengum við þau svör frá Sýn að þeir vildu ekki framlengja við okkur samning um sýningu á leikjum úr Olís deildinni. Nú voru góð ráð dýr. Öllum var ljóst að til að tryggja framgang íþróttarinnar þá er nauðsynlegt að handbolti sé sýndur í sjónvarpi og auk þess hefur draumurinn alltaf verið að sýna efni í opinni dagskrá svo að það sé öllum aðgengilegt en það hefur reynst erfitt. Við tókum þá ákvörðun að leita til Símans til að leita lausna við að koma okkar efni til dreifingar í sjónvarpi. Úr þeim samtölum kom sú hugmynd að stofna Handboltapassann sem okkar eign áskriftaleið að handboltanum sem aðgengilegur væri hjá Símanum. Við fjárfestum í myndavélum sem stjórnað er með gervigreind og settum upp í öll íþróttahús. Ætlunin var að selja áskrift þar sem allir leikir væru sýndir sem og keppni yngri flokka. Markmiðið var að ná 3.500 áskrifendum. Við fórum vel af stað en tæknileg vandamál komu í veg fyrir að við gætum selt áskrift, auk þess sem ein myndavél í hvert hús dugir ekki til útsendingar frá yngri flokkum. Áskriftasala fór ekki í gang fyrir en í desember en hefur aukist jafnt og þétt og nú eru um 4.000 áskrifendur. En þessi töf olli miklu fjárhagslegu höggi á sambandið en samt sem áður var þetta áhætta sem við urðum að taka.



Hið jákvæða er að við erum frumkvöðlar í að íslensk íþróttahreyfing sjái sjálf um útsendingar á eigin efni. Við tókum stór skref meðvituð um áhættu en þessi ákvörðun mun reynast okkur dýrmæt er til framtíðar er litið. Vandamálín voru ekki fyrirsjáanleg og kostaði það mikla þolraun að standast og leysa úr þeim vandamálum. Síminn hefur reynst okkur ómetanlegur bakhjarl í þessu frumkvöðlastarfi bæði með aðstoð auglýsingum og áskriftarsölu. Beinar útsendingar í opinni dagskrá hafa aldrei verið fleiri og hafa komið vel út einkum eftir að við sömdum við Kukl um útsendingarnar en þeir hafa einnig reynst okkur ómetanlegir við framleiðslu á efninu. Afraksturinn er sá að fjölmiðlar trúa varla áhorfendatölum en sem dæmi þá voru um 25.000 tæki/heimili að horfa á leik í undanúrslitum í vor. Þetta eru tölur sem staðfesta að við erum á réttri leið.

Við munum nú fjölga vélum í húsunum til að geta sýnt frá yngri flokkum og styrkja enn umhverfi á bak við útsendingar bæði í Handboltapassanum og í opinni dagskrá. Ég er sannfærður að það mun fjölga áskrifendum svo við getum unnið upp tapið frá þessu ári og skilað hagnaði til framtíðar.

Lokaorð

Verkefnin eru mörg á lítilli og fámennri skrifstofu og vegna þessara verkefna sem hér hefur verið lýst þá hefur það óneitanlega bitnar það á öðrum verkefnum s.s. útbreiðslumálum, afreks – og fræðslumálum. En við höfum þegar lagt grunn að efla þann þátt í starfsemi okkar á komandi vetri. Framtíðin er björt við erum alltaf að vinna framá við í okkar starfi þó skrefin séu ekki alltaf stór – en framtíð handboltans er björt og saman munum við gera handboltaíþróttina enn stærri og vinsælli er fram líða stundir.

Skýrsla dómaranefndar 2024

Starfið í vetur

Starfsmaður dómaranefndar á skrifstofu HSÍ var Ólafur Víðir Ólafsson og er honum þakkað fyrir gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómaranefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst og síma en auk þess átti formaður í góðum samskiptum við skrifstofu HSÍ. Helstu verkefni dómaranefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildadómurum og eftirlitsmönnum, skipulagning dómaraámskeiða, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna. Námskeið fyrir ritara og tímaverði var þó með öðru sniði en undanfarin ár og er komið inná það síðar í skýrslunni.

Undirbúningur og haustfundur

Undirbúningur hófst strax sl. vor þegar starfsmaður og formaður dómaranefndar sóttu fund í Vín þar sem kynntar voru breytingar á leikreglum. Í framhaldi var gefin út ný íslensk útgáfa af leikreglunum þar sem breytingar höfðu verið uppfærðar.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna fór fram laugardaginn 27. ágúst á Selfossi og er Selfyssingum þakkað sérstaklega fyrir hjálpina. Þar var sérstök áhersla lögð á nýjar leikreglur auk þess sem farið var yfir áherslur vetrarins, að venju voru líka tekin þrekpróf. Janúarafundur fór fram 24. janúar, eins og áður var þessi fundur nýttur til að fara yfir hvernig dómgæslan hafði gengið á tímabilinu og hvað mætti betur fara. Á báðum fundum voru dómara og eftirlitsmenn teknir í skriflegt reglupróf.



Áherslur vetrarins

Í ár sneru flestar áherslur vetrarins að breytingum á leikreglum og má segja að þær hafi komið mjög vel út og lítið sem ekkert um mál sem hafi komið upp vegna þessara breytinga.

Alþjóðlegir dómara og eftirlitsmenn

Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson hafa dæmt fjölmarga leiki í Meistaradeild Evrópu auk landsleikja í vetur eins og undanfarin ár. Sl. sumar dæmdu Svavar Ólafur Pétursson og Sigurður H. Þrastarson á EM U-19 ára landsliða karla við góðan orðstýr en í framhaldinu hafa þeir fengið stærri og betri verkefni en áður utan landsteinanna, bæði í Evrópu deildinni auk landsleikja.

Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson eru skráðir sem EHF canditade referees frá Íslandi og bíða nú þess að geta klárað sín réttindi til að geta talist EHF dómara. Þeir hafa undanfarin misseri dæmt mikið í Olísdeildum karla og kvenna sem og tekið þátt í young referee project á vegum EHF. Þeir eiga að vera vel undir það búnir að taka næsta skref á sínum dómaraferli.

Fjórir alþjóðlegir eftirlitsmenn eru starfandi hér á landi og fengu þeir allir þó nokkur verkefni utan landsteinanna á árinu, flest á Norðurlöndunum. Auk þess hefur Hlynur Leifsson verið tilnefndur af EHF til að verða alþjóðaeftirlitsmaður og sækir nú á vormánuðum námskeið sem tryggir þau réttindi.

Alþjóðlegir dómara HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson	EHF
Jónas Elíasson	EHF
Sigurður H. Þrastarson	EHF
Svavar Ó. Pétursson	EHF
Árni Snær Magnússon	EHF candidate
Þorvar Bjarmi Harðarson	EHF candidate

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

Guðjón L. Sigurðsson	EHF
Kristján Halldórsson	EHF
Ólafur Örn Haraldsson	EHF
Reynir Stefánsson	EHF
Hlynur Leifsson	(sækir sér réttindi til EHF á vormánuðum)

Fjöldi deildadómara og sektir

Hvert félag skal útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er til keppni (að U liðum undanskildum). Aðeins þrjú félög ná tilskyldum fjölda dómara. Eins og undanfarin ár þá greiða félögin milljónir króna í sektir vegna skorts á dómurum, sektirnar einar og sér virðast ekki duga til að sýna félögunum fram á mikilvægi þess að ala upp dómara.



Á töflu hér fyrir neðan má sjá fjölda dómara í félögum sem skráð eru til leiks í Íslandsmóttinu.

Félag:	Eiga að tilnefna:	Hafa útnefnt:
Afturelding	4	1
FH	4	3
Fjölur	2	3
Fjölur/Fylkir	2	1
Fram	4	8
Grótta	4	0
Haukar	4	1
HK	4	3
ÍBV	4	1
ÍR	4	3
KA	2	1
KA/Þór	2	0
Kórdrengir	2	0
Selfoss	4	4
Stjarnan	4	3
Valur	4	2
Víkingur	4	0
Þór Ak	2	1
Félög utan deilda		4

Samtals:	60	39
----------	----	----

Dómaranefnd 2020-2021

Kristján Gaukur Kristjánsson, formaður
Gísli Hlynur Jóhannsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Reynir Stefánsson

Dómarar og eftirlitsmenn

Alls voru starfandi 39 dómarar og 14 eftirlitsmenn í vetur sem er svipuð tala og undanfarin ár. Einhverjar breytingar hafa orðið á hópnum, bæði hafa menn helst úr lestinni og nýir dómarar komið inn. Það er ánægjulegt að sjá 5 nýja dómara í vetur, þeir hafa fengið tækifæri bæði í 2. deild karla og Grill66 deildunum.

Ingvar Guðjónsson dómari og fyrrverandi EHF/IHF dómari lét af störfum í vetur að eigin ósk eftir nærri 30 ár sem deildardómari á vegum HSÍ, er honum þökkuð vel unnin störf í þágu hreyfingarinnar.



Starfandi deildadómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson
Aron Daði Hauksson - Arnar Gauti Egilsson
Arnór Jón Sigurðsson – Ómar Örn Jónsson
Árni Snær Magnússon - Þorvar B. Harðarson
Árni Þór Þorvaldsson - Drengur Arnar Kristjánsson
Bergur Snorrason -
Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson
Bjarni Viggósson – Magnús Ólafur Björnsson
Bogdan Ana - Guðbjörn Ólafsson
Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson
Eyþór Jónsson - Leó Snær Róbertsson
Hörður Kristinn Örvarsson - Jón Örvar Kristinsson
Magnús Kári Jónsson – Kári Garðarsson
Siguróli Magni Sigurðsson - Sævar Árnason
Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson
Sigurður H. Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson

Eftirlitsmenn HSÍ:

Gestur Guðrúnarson
Gísli H. Jóhannsson
Guðjón L. Sigurðsson
Hlynur Leifsson
Jóhannes Runólfsson
Jóhann Gunnar Jóhannsson
Kristján Halldórsson
Kristján Gaukur Kristjánsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Ólafur Örn Haraldsson
Reynir Stefánsson
Sigurður Egill Þorvaldsson
Sindri Ólafsson
Valgeir Egill Ómarsson

Ritarar og tímaverðir

Námskeið fyrir ritara og tímaverði var með öðrum hætti en undanfarin ár vegna nýrrar skráningu á leikskýrslum í gegnum HB ritara. Í stað hefðbundins námskeiðs var haldið HB ritara námskeið í haust þar sem farið var yfir helstu atriði í skráningu í forritinu. Eflaust þarf að taka námskeið ritara og tímavarða til endurskoðunar í haust með tilliti til HB ritara.

Í lok keppnistímabils

Það er ánægjulegt að sjá nokkur félög hafa tekið við sér þegar kemur endurnýjun á deildadómurum nú í vetur, bæði höfum við fengið til starfa nýja menn í dómgæslu auk þess sem nokkrir aðilar sem höfðu lagt flautuna á hilluna er byrjaðir aftur. Þó er rétt að hafa í huga að dómarahópurinn hefur elst undanfarin ár og endurnýjunin þarf að ganga vel til þess að hægt sé að koma upp nýjum pörum í Olís deildirnar.



Dómaranámskeið undanfarin ár hafa byggt á góðun grunni frá forvera mínum í starfi þar sem yngri iðkendur hafa fengið góða kynningu á dómarahtutverkinu og réttindi til að dæma í 5. - 8. flokki. En nú er komið að því að bæta við og uppfæra þá menntun sem við höfum uppá að bjóða, markmiðið er að gera það með því að koma B- og C-stigs námskeiðum í góðan farveg, með bóklega hlutann í fjarnámi auk þess að hafa verklegan hluta þar sem félögin geta þróað sína dómara í yngri flokka leikjum yfir veturinn í samstarfi við dómaratengiliði félaganna. Þetta verða okkur stóru verkefni í sumar og næsta vetur.

Í lok vetrar finnst mér rétt að minnast á þá umræðu sem stundum hefur orðið um dómara eftir leiki í vetur. Handbolti er mjög hraður leikur sem erfitt er að dæma, ákvarðanir eru fjölmargar á hverri mínútu og eðlilega verða mistök hjá dómurum eins og öðrum þátttakendum leiksins. En sú umræða sem stundum á sér stað eftir leiki um dómara og störf þeirra getur verið meiðandi, jafnvel svo að dómara hafa látið af störfum og fundið sér eitthvað betra að gera. Gagnrýnum á uppbyggilegan hátt, dómara hafa tilfinningar alveg eins og leikmenn og þjálfarar. Við megum ekki við því að missa fólk frá okkur, reynum frekar að vinna saman að því að gera dómgæsluna betri.

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,
Kristján Gaukur Kristjánsson

Landsliðsnefnd karla

A landslið karla

Undankeppni EM 2024, 25. - 30. apríl. Þriðji og seinasti hluti undankeppninnar þar sem íslenska liðið lék tvo leiki. Báðir leikir unnust sannfærandi og íslenska liðið tryggði sér þátttöku á EM 2024. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

27. apr.	Ísrael	Ísrael - Ísland	26-37
30. apr.	Laugardalshöll	Ísland - Eistland	30-23

Vínáttuleikir í Reykjavík, 1. - 5. nóvember. Tveir leikir gegn frændum okkar frá Færeyjum, undirbúningur fyrir EM í Þýskalandi. Fyrri leikurinn vannst á sannfærandi hátt en sá síðari var jafn og spennandi. Þetta voru fyrstu landsleikir Snorra Steins Guðjónssonar sem þjálfara liðsins. 20 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

3. nóv.	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	39-24
4. nóv.	Laugardalshöll	Ísland - Færeyjar	30-29

Vínáttuleikir í Austurríki, 4. - 10. janúar. Lokaundirbúningur íslenska liðsins fyrir EM í Þýskalandi. Strákarnir okkar unnu tvo góða sigra gegn heimamönnum. 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

6. jan.	Austurríki	Austurríki - Ísland	28-33
8. jan.	Austurríki	Austurríki - Ísland	30-37

Evrópumótið í Þýskalandi, 10. – 25. janúar. Þrátt fyrir tap gegn Ungverjum í riðlakeppninni komst íslenska liðið áfram í milliriðla keppninnar. Þar reyndust Frakkland og Þýskaland of stór biti fyrir íslenska liðið en góðir sigrar unnust á Króatíu og Austurríki. Þau úrslit nægðu ekki til að komast áfram á mótinu og því endaði íslenska liðið í 10. sæti af 24 þátttökuliðum. 18 leikmenn og 11 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.



12. jan.	Þýskaland	Ísland - Serbía	27-27
14. jan.	Þýskaland	Svartfjallal. - Ísland	30-31
16. jan.	Þýskaland	Ísland - Ungverjaland	25-33
18. jan.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	26-24
20. jan.	Þýskaland	Frakkland - Ísland	39-32
22. jan.	Þýskaland	Króaía - Ísland	30-35
24. jan.	Þýskaland	Austurríki - Ísland	24-26

Vináttuleikir gegn Grikkjum, 12. – 17. mars. Tveir vináttulandsleikir í Grikklandi þar sem strákarnir okkar unnu örugga sigra. Nokkuð var um forföll í þessu verkefni, þá var gott að sjá ný andlit í liðinu í stærra hlutverki. 18 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

15. mar.	Grikkland	Grikkland – Ísland	23-33
16. mar.	Grikkland	Grikkland – Ísland	25-32

Umspil um laust sæti á HM 2025, 6. – 12. maí. Tveir leikir gegn Eistlandi um laust sæti á HM, skemmt er frá því að segja að íslenska liðið átti fremur auðveldan dag á skrifstofunni og vann tvo þægilega sigra. Þess má geta að liðið hefur aldrei skorað jafnmörg mörk í Laugardalshöllinni. Með þessum sigrum var sæti á HM 2025 tryggt. 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

8. maí.	Laugardalshöll	Ísland - Eistland	50-25
11. maí.	Eistland	Eistland - Ísland	24-37

U-21 árs landslið karla

Vináttulandsleikir í Hafnarfirði, 1. - 4. júní. Undirbúningur fyrir HM sem fór fram 3 vikum síðar, liðin skiptu með sér sitthvorum sigrinum. 20 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

3. jún.	Kaplakriki	Ísland - Færeyjar	31-23
4. jún.	Kaplakriki	Ísland - Færeyjar	30-31

HM í Grikklandi og Þýskalandi, 18. júní - 3. júlí. Liðið lenti í 2. sæti í sínum riðli en með frábærri frammistöðu og góðum sigrum í milliriðli tókst strákunum okkar að tryggja sig áfram í keppninni. Eftir hetjulega frammistöðu varð 3. sætið raunin, frábær frammistaða. Þetta var seinasta verkefni þessa aldurshóp í yngri landsliðum og má segja að þróunin á hópnum hafi verið góð í gegnum árin. 16 leikmenn og 6 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

20. jún.	Grikkland	Ísland - Marokkó	17-15
21. jún.	Grikkland	Ísland - Síle	35-18
23. jún.	Grikkland	Ísland - Serbía	29-32
25. jún.	Grikkland	Ísland - Grikkland	29-28
26. jún.	Grikkland	Ísland - Egyptaland	29-28
29. jún.	Þýskaland	Ísland - Portúgal	32-28
1. júl.	Þýskaland	Ungverjaland - Ísland	37-30
2. júl.	Þýskaland	Serbía - Ísland	23-27

U-19 árs landslið karla

Handball Tage í Þýskalandi, 12. - 17. júlí. Þriggja liða mót í Lubeck í Þýskalandi þar sem strákarnir okkar gerðu sér lítið fyrir og skelltu heimamönnum í úrslitaleik. Góður undirbúningur fyrir HM, auk þess var ferðina nýtt í óopinberan æfingaleik við heimamenn. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.



13. júl.	Þýskaland	Ísland - Holland	34-27
14. júl.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	21-27

Vináttuleikir í Færeyjum, 21. - 24. júlí. Tveir vináttuleikir gegn heimamönnum, lokaundirbúningur beggja liða fyrir HM í Króatíu. Liðin unnu sitthvorn leikinn. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt.

22. júl.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	36-33
23. júl.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	30-33

HM í Króatíu, 31. júlí - 12. ágúst. Strákarnir okkar náðu ekki að sýna sitt rétta andlit í riðlakeppninni í þessu mót og því var niðurstaðan að liðið lék um forsetabikarinn. Þar sýndi liðið nokkra góða leiki en töpuðu fyrir Svíum í undanúrslitum, eftir sigur gegn Svartfjallalandi var niðurstaðan 19. sæti af 32 þjóðum sem tóku þátt. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

2. ágú.	Króatía	Ísland - Tékkland	27-29
3. ágú.	Króatía	Ísland - Japan	35-28
5. ágú.	Króatía	Egyptaland - Ísland	33-30
7. ágú.	Króatía	Ísland - Suður Kórea	38-23
8. ágú.	Króatía	Ísland - Bahrain	34-28
10. ágú.	Króatía	Ísland - Svíþjóð	36-41
11. ágú.	Króatía	Svartfjallal. - Ísland	32-38

U-17 árs landslið karla

Vináttulandsleikir í Hafnarfirði, 1. - 4. júní. Undirbúningur fyrir mót sumarsins, tveir leikir gegn Færeyingum sem báðir unnust. 20 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

3. jún.	Kaplakriki	Ísland - Færeyjar	26-24
4. jún.	Kaplakriki	Ísland - Færeyjar	34-28

Opna Evrópumótið í Svíþjóð, 2. - 8. júlí. Fyrsta mótið hjá þessum aldurshóp þar sem þeir fengu að spila gegn mörgum af sterkustu liðum Evrópu. Eftir þriggja marka sigur á Króatíu í framlengdum leik var ljóst að strákarnir enduðu í 5. sæti af 20 þjóðum. Þá var Dagur Árni Heimisson valinn í lið mótsins. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

3. júl.	Svíþjóð	Ísland - Lettland	30-22
3. júl.	Svíþjóð	Eistland - Ísland	14-24
4. júl.	Svíþjóð	Ísland - Svíþjóð	20-28
4. júl.	Svíþjóð	Pólland - Ísland	18-23
5. júl.	Svíþjóð	Frakkland - Ísland	26-20
5. júl.	Svíþjóð	Sviss - Ísland	25-24
6. júl.	Svíþjóð	Ísland - Ísrael	18-15
7. júl.	Svíþjóð	Ísland - Króatía	35-32

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slóveníu, 22. - 30. júlí. 8 liða mót þar sem eingöngu spila sterkustu liðin hverju sinni. Þrátt fyrir aðeins eitt tap í riðlakeppninni lenti íslenska liðið í 3. sæti í sínum riðli og spilaði því um 5. -8. sæti. Þar sýndu strákarnir hins vegar fínan leik og unnu að lokum Norðmenn í leik um 5. Sætið. 15 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

24. júl.	Slóvenía	Ísland - Noregur	34-32
25. júl.	Slóvenía	Ísland - Þýskaland	24-35
26. júl.	Slóvenía	Slóvenía - Ísland	27-31



28. júl.	Slóvenía	Ísland – Svartfjallal.	37-30
29. júl.	Slóvenía	Ísland - Noregur	32-31

Sparkassen Cup í Þýskalandi, 26. - 30. desember. Frábært mót sem íslenska liðið tekur þátt í á hverju ári. Þrátt fyrir tap gegn Þjóðverjum í riðlakeppninni þá unnu strákarnir okkar alla aðra leiki og mættu því Þjóðverjum á nýjan leik í úrslitum. Þar kom allt fyrir ekki og Þjóðverjar unnu sanngjarnan sigur. Niðurstaðan var 2. sæti af 8 liðum, 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þessa ferð.

27. des.	Þýskaland	Saar - Ísland	21-31
28. des.	Þýskaland	Þýskaland - Ísland	26-18
28. des.	Þýskaland	Belgía - Ísland	14-33
29. des.	Þýskaland	Ísland - Slóvenía	33-32
29. des.	Þýskaland	Ísland - Þýskaland	26-34

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 13. - 15. okt, 2. - 5. nóv, 16.-18. feb, 10.-12. maí og 24.-26. maí. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2009 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Fyrir hönd landsliðsnefndar karla,
Páll Þórólfsson, formaður

Landsliðsnefnd kvenna

A landslið kvenna

Undankeppni EM 2024, 8. - 15. október. Fyrsti hluti undankeppninnar þar sem íslenska liðið lék tvo leiki. Eftir þægilegan sigur gegn Lúxemborg þurftu stelpurnar okkar að hafa meira fyrir hlutunum geng Færeyjum en að lokum hafðist góður sigur. 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

11. okt.	Ásvellir	Ísland - Lúxemborg	32-14
15. okt.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	23-28

Posten Cup í Noregi, 21. - 27. nóvember. Lokaundirbúningur íslenska liðsins fyrir HM, þrjú leikir gegn sterkum andstæðingum. Þrátt fyrir 3 tölpu voru leikirnir mikilvægir fyrir framhaldið, handan við hornið var fyrsta stórmótið í 12 ár. 18 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

23. nóv.	Noregur	Pólland - Ísland	29-23
25. nóv.	Noregur	Noregur - Ísland	31-21
26. nóv.	Noregur	Ísland - Angóla	24-27

Heimsmeistaramótið í Noregi og Danmörku, 27. nóvember - 14. desember. Þrátt fyrir að hafa aðeins fengið eitt stig í riðlakeppinni mátti sjá góðan handbolta og mikla baráttu hjá íslensku



liðinu. Næsta verkefni var forsetabíkarinn og þar unnust 4 góðir sigrar sem tryggði íslenska liðinu 17. sætið og sjálfan forsetabíkarinn. 18 leikmenn og 10 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

30. nóv.	Noregur	Slóvenía - Ísland	30-24
2. des.	Noregur	Ísland - Frakkland	22-31
4. des.	Noregur	Angóla - Ísland	26-26
7. des.	Danmörk	Grænland - Ísland	14-37
9. des.	Danmörk	Paragvæ - Ísland	19-25
11. des.	Danmörk	Ísland - Kína	30-23
13. des.	Danmörk	Ísland - Kongó	30-28

Undankeppni EM 2024, 26. febrúar - 3. mars. Annar hluti undankeppninnar þar sem íslenska liðið lék tvo leiki gegn sterku liði Svía. Skemmst er frá því að segja að Svíar höfðu sigur í báðum leikjum. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

28. feb.	Ásvellir	Ísland - Svíþjóð	24-37
2. mar.	Svíþjóð	Svíþjóð - Ísland	37-23

Undankeppni EM 2024, 1. - 7. apríl. Þriðji og síðasti hluti undankeppninnar, eftir öruggan sigur gegn Lúxemborg á útivelli beið leikur gegn Færeyjum þar sem EM sætið var undir. Stelpurnar okkar unnu sanngjarnan sigur í leiknum og tryggðu þar með EM sætið. 16 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

3. apr.	Lúxemborg	Lúxemborg - Ísland	15-31
7. apr.	Ásvellir	Ísland - Færeyjar	24-20

U-19 ára landslið kvenna

Vináttulandsleikir í Færeyjum, 9. - 12. júní. Undirbúningur fyrir EM síðar um sumarið, tveir leikir gegn nágrönnum okkar í Færeyjum. Liðin unnu sitthvorn leikinn. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

10. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	31-25
11. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	26-29

EM í Rúmeníu, 4. - 16. júlí. Eftir frábæran árangur á HM í fyrra tryggði liðið sér sæti á EM í sumar. Eftir 3 töp í riðlakeppninni var ljóst að liðið myndi spila í neðri hlutanum en með 2 góðum sigrum þar tryggði liðið sér 13. sæti af 16 þjóðum í mótinu. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

6. júl.	Rúmenía	Rúmenía - Ísland	41-33
7. júl.	Rúmenía	Ísland - Þýskaland	30-31
9. júl.	Rúmenía	Portúgal - Ísland	44-27
11. júl.	Rúmenía	Ísland - Holland	26-32
12. júl.	Rúmenía	Króatía - Ísland	26-35
14. júl.	Rúmenía	Ísland - N-Makedónía	35-29
15. júl.	Rúmenía	Ísland - Serbía	33-22

U-17 ára landslið kvenna

Vináttulandsleikir í Færeyjum, 9. - 12. júní. Undirbúningur fyrir EM síðar um sumarið, tveir leikir gegn nágrönnum okkar í Færeyjum. Eftir nauman eins marks sigur í fyrri leiknum endaði sá síðari með jafntefli. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.



10. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	23-24
11. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	27-27

EM í Svartfjallalandi, 1. - 13. ágúst. Eftir sigur í fyrsta leik gegn heimamönnum fylgdu tveir tapleikir og því lék íslenska liðið í neðri hluta mótsins. Þrátt fyrir fínar frammistöður inná milli gekk illa að landa sigri þar til í lokaleiknum á móti N-Makedóníu en þar tryggði íslenska liðið sér 15. sætið af 16 þjóðum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

3. ágú.	Svartfjallaland	Svartfjallal. - Ísland	18-20
4. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Þýskaland	24-34
6. ágú.	Svartfjallaland	Tékkland - Ísland	28-22
8. ágú.	Svartfjallaland	Sviss - Ísland	25-21
9. ágú.	Svartfjallaland	Ísland - Svíþjóð	23-34
11. ágú.	Svartfjallaland	Portúgal - Ísland	28-22
12. ágú.	Svartfjallaland	N-Makedónía - Ísland	25-34

U-15 ára landslið kvenna

Vináttulandsleikir í Færeyjum, 9. - 12. júní. Fyrstu landsleikir þessa aldurshóps, tveir leikir í Færeyjum gegn heimastúlkum. Tveir góðir sigrar voru niðurstaðan sem lofar góðu fyrir framhaldið. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

10. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	22-26
11. jún.	Færeyjar	Færeyjar - Ísland	17-23

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 13. - 15. okt, 2. - 5. nóv, 16.-18. feb, 10.-12. maí og 24.-26. maí. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2009 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Landsliðsnefnd kvenna

Það hefur satt að segja verið ótrúlega gaman að fylgjast með uppgangi íslensks kvennahandbolti á alþjóðvísu undanfarin misseri. Að mæta aftur með A landslið kvenna á stórmót var ekki bara upplifun fyrir leikmenn, þjálfara og starfsfólk heldur líka fólkið í stúkunnni og fólkið okkar heima í stofu.

En það má ekki gleyma að yngri landsliðin okkur voru líka í lokakeppnum sl. sumar, það er árangur sem við þurfum að fylgja eftir og gera að hefð í íslenskum kvennahandbolta. Þarna er framtíðin og þarna liggja möguleikar okkar í að byggja upp framtíðarlandslið sem spila á flestum eða öllum lokakeppnum.

Fögnum því sem vel er gert en gleymum okkur samt ekki, höldum áfram uppbyggingunni. Það eru fjölmörg tækifæri sem við höfum til að gera betur og okkur hlakkar mikið til framhaldsins.



Sérstakir þakkir til allra þeirra sem mættu á HM kvenna í Noregi og Danmörku. Við vonumst til að fá ykkur öll með á EM í desember!

ÁFRAM ÍSLAND!

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2023/2024

Kristín Þórðardóttir, formaður

Alfreð Örn Finnsson

Ágúst Karl Karlsson

Hjalti Þór Hreinsson

Þórarinn Þórarinsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmenn mótanefndar tímabilið 2023/2024 voru þeir Ólafur Víðir Ólafsson og Herbert Ingi Sigurðsson sem hóf hann störf ágúst 2023 og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar eru einnig í virkum samskiptum í gegnum síma í kringum ákveðin mál ef þurfa þykir.

Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga en á tímabilinu 2023/2024 komu færri mál tengd framkvæmd leikja og leikmanna án samnings á borð hennar en áður sem er mjög ánægjulegt. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur eru afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.

Meistaraflokkar

Síðasta haust var töfludregið í allar deildir meistaraflokks, félögin höfðu svo, líkt og áður, tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri varðandi leikdaga og leiktíma. Starfsmaður mótanefndar fer síðan yfir athugasemdir félaganna ásamt óskum sjónvarpsrétthafa og aðlagar leikjaplanið samkvæmt því. Sérstök áhersla er lögð á að samþykkja breytingar sem gera félögum kleift að bjóða upp á tvennur.



Valur voru krýndir Íslandsmeistara kvenna þann 17.maí og FH og Afturelding leika um þessar mundir til úrslita um Íslandsmeistaratitil karla.

Deildakeppni karla

Í meistaraflokki karla sendu 19 félög inn lið til keppni sem er fjölgun um eitt frá síðasta tímabili. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið þátt í Olís-deild karla, 10 í Grill 66 deildinni, þar af 6 U-lið, og 7 lið í 2. deild karla, þar af 4 U-lið. Tvö félög, Hvíti Riddarinn og ÍH komu ný til leiks. Víðir lék að eigin ósk í 2.deild þrátt fyrir reglugerð sem kveður á að aðallið félaga hafi forgang yfir U-lið í Grill66 deildina. Það er mikið fagnaðarefni að félag af Suðurnesjum taki þátt í deildarkeppni eftir langt hlé. U-liðum fækkaði um 1 lið frá síðasta tímabili og tóku alls 10 U-lið frá 10 félögum þátt í deildarkeppni. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki líkt og undanfarin ár vegna þróunar U-liða.





Deildakeppni meistaraflokks karla 2023/2024 er lokið og var það lið FH sem stóð uppi sem deildarmeistari Olís-deildarinnar, lið Fram U sigraði Grill 66-deildina en lið ÍR tekur sæti í efstu deild á næsta tímabili, og Selfoss tryggði sér sigur í 2.deild karla. Lið Víkings og Selfoss féllu úr efstu deild. Fjölnir sigraði þór í úrslitum umspils Grill66 deildarinnar og leikur því í efstu deild á næsta tímabili.



Deildakeppni kvenna

Í meistaraflokki kvenna sendu 15 félög lið til keppni og er það fjölgun um 1 lið milli tímabila. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og 10 í Grill 66 deildinni, þar af 3 U-lið, sem er það sama og á síðasta Íslandsmóti. Deildarkeppninni meistaraflokks kvenna er lokið og stóð lið Valur uppi sem deildarmeistari Olís deildarinnar og lið Selfoss sigraði Grill 66-deildina og leikur því í efstu deild á næsta tímabili. Lið KA/Þórs féll hins vegar niður í 1.deild. Í umspili um laust sæti í Olís deildinni sigraði Gróttu lið Aftureldingar og leikur því í efstu deild á næsta ári. Athyglisvert er að annað árið í röð sigrar lið úr Grill66 deildinni umspilið og kemst upp í efstu deild.



Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Minna hefur verið um að mál af þessu tagi hafi komið inn á borð nefndarinnar á þessu tímabili sem bendir til þess að félögin séu að sinna umgjörðinni vel þó alltaf sé eitthvað sem má bæta. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótnefndar. Eins þarf mótanefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en nokkur mál komu inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning. Flest ágreiningsmál sem komu inn á borð nefndarinnar voru tengdar frestunum leikja bæði í meistara- og yngri flokkum. Talsvert var um frestanir vegna veðurs eins og yfirleitt er og er óhjákvæmilegt að málum tengdum þeim fjölgi í takt við fjölgum liða af landsbyggðinni. Mikilvægt er að reglur tengdar frestunum leikja séu sem skýrastar og mun mótanefnd fara vel yfir þau mál fyrir næsta tímabil.

Formannafundir, bæði meistaraflokka og yngri flokka, hafa verið haldnir reglulega á tímabilinu og hafa allar ákvarðanir varðandi breytingar á mótahaldi verið ræddar þar í þaula áður en þær hafa komið til framkvæmda. Á þessu tímabili voru sjónvarpsmálin í brennidepli og fór mikil athygli þangað þó svo að



Þau tengist ekki störfum mótanefndar á beinan hátt. Þó gæti orðið breyting á því á næsta tímabili þar sem stefnt er að því að senda út alla leiki í 3. og 4.flokki þá.

Fjölliðamót

Fjölliðamót tímabilsins gengu afar vel og voru Íslandsmeistarar í 5. og 6.flokki krýndir í maí. Ákveðið var að halda áfram með bikarmótin í þessum flokkum og voru þau leikin í desember. Úrslitaleikir þeirra móta voru síðan leiknir í Laugardalshöll um úrslitahelgi bikarkeppninnar líkt og á síðasta tímabili og var mikil ánægja með það fyrirkomulag.

Nýjungar

Á tímabilinu 2023/2024 var mótakerfinu í 3. og 4.flokki breytt og tekið upp svokallað lotukerfi. Spilaðist deildarkeppnin þá í 3 lotum þar sem lið fóru á milli riðla í eftir hverja lotu, þetta fyrirkomulag gerði það að verkum að félög spiluðu fleiri jafna leiki yfir tímabilið og leikjaálagið dreifðist betur. Almenn ánægja var með þetta nýja fyrirkomulag og mun það halda áfram á næsta tímabili með örlitlum aðlögunum eftir athugasemdir félagana.

Að lokum má nefna að vinna við að gera félögin sjálfstæð uppsetningu og keyrslu sinna móta í gegnum Tournepal mótakerfið gengur vel og vonast er til þess að aðkoma skrifstofu HSÍ að þeirri vinni minnki enn frekar á næsta tímabili.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

Skýrsla markaðsnefndar HSÍ

Formaður nefndarinnar kjörinn á síðasta HSÍ þingi Davíð Lúther Sigurðsson, skipaði Davíð enga með sér í stjórn markaðsnefndar á meðan hann var formaður. Davíð sagði af sér í nóvember sl. Öll mál tengdum markaðsmálum innan HSÍ eru unnin af Kjartani Vídó, markaðsstjóra HSÍ og Róberti Geir, framkvæmdastjóra HSÍ.

HSÍ vinnur náið með auglýsingastofunni Hér og Nú sem veitt hefur ráðgjöf er varðar hönnun, almannatengsl og markaðssetningu á verkefnum tengdum HSÍ og landsliðum. Auglýsingastofan Bakland vinnur allt markaðsefni fyrir CCEP í tengslum við Powerade bikarinn og auglýsingastofan Thank you hefur haft veg og vanda á öllu efni sem tengist Olísdeildunum og Handboltapassanum og markaðsefni tengdu samstarfi HSÍ og Símans.

Helstu verkefni Markaðsnefndar HSÍ á liðnu ári.

Verkefni markaðsnefndar eru fjölbreytt og stærsti hluti vinnunnar fer í að vinna að endurnýjunum samstarfssamninga og samskipti við núverandi bakhjarla, öflun nýrra bakhjarla, nýliðun og markaðssetningu á handboltanum á sem fjölbreyttastan máta.

Bakhjarlar HSÍ

HSÍ vinnur náið með bakhjörum sínum sem eru eins fjölbreyttir og íslenskt atvinnulíf er. Mikil vinna fer í það allt árið um kring að funda með bakhjörum og vera í samskiptum við þá í kringum verkefni HSÍ. Í kringum stórmót eru bakhjarlar HSÍ áberandi í auglýsingum og auglýsa samstarf HSÍ á sínum



samfélagsmiðlum. HSÍ hefur farið í þá vinnu enn meir síðustu ár að verja auglýsingarétt bakhjarla sinna því sá hluti vegur þungt í samningum bakhjarla og HSÍ.

Langstærsti hluti bakhjarla HSÍ hefur staðið með HSÍ og íslenskum handbolta í áratugi og hefur Ícelandair verið þar lengst eða frá 1972. Á síðasta ári var gerðir samningar við 1xINTERNET og Arnarlax ásamt því að framlengt var við nokkra af stærstu bakhjörllum HSÍ.

Stoðsending Rapyd

Á síðasta ári var framlengt samstarfið við Rapyd en samstarf HSÍ við Rapyd og þar áður Valitor hefur staðið frá 1988. Rapyd tilkynnti HSÍ við undirritun samningsins að fyrirtækið vildi styðja við ungt og efnilegt handboltaboltafólk með skólastyrkjum. Rapyd setti af stað stórt markaðsátak þar sem Stoðsending Rapyd var auglýst og tók landsliðsfólk úr A landsliði karla og kvenna þátt í verkefninu.

Studdi fyrirtækið 10 einstaklinga jafnt eftir kynjum með 700.000 skólastyrk handa hverjum og einum. Erum við þakklát Rapyd fyrir að styðja við bakið á unga og efnilega handknattleiksfolkum með þessum hætti. Rapyd hefur tilkynnt HSÍ að þau hafi áhuga á að halda áfram með Stoðsendingu Rapyd.

Nýliðunarverkefni

HSÍ og Nettó eru í samtarfi í upphafi Olísdeildar og í kringum stórmót A landsliða að fjölga iðkendum í handbolta og sýna að allir hafi kost á því að prófa handbolta í sínu nærumhverfi. Aðildarfélag HSÍ hafa flest boðið upp á frían aðgang að æfingum og auglýsir HSÍ Komdu að æfa handbolta í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Stórmót í handbolta

Í fyrsta skiptið frá árinu 2012 voru bæði A landslið karla og kvenna á stórmótum á sama árinu. Jókst því sýnileiki landsliðanna okkar töluvert og má segja að handboltinn hafi átt sviðið frá lokum nóvember til enda janúar.

A landslið kvenna tók þátt í HM sem fram fór í Danmörku, Svíþjóð og Noregi og A landslið karla tók þátt í EM í Þýskalandi. Íslenskir stuðningsmenn fjölmenntu með landsliðunum og Sérsvaitin, stuðningsveit HSÍ hélt utan um dagskrá stuðningsmanna fyrir leiki. Sérsvaitin hefur unnið frábært starf í kringum landsleiki hér heima og á stórmótum síðustu ára.

Skýrsla fræðslu og útbreiðslunefndar HSÍ

Nefndina skipa Inga Lilja Lárusdóttir, Magnús Karl Daníelsson og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson en öll mál eru unnið í samstarfi við Gunnar Magnússon Íþróttastjóra HSÍ og Róbert Geir Gíslason framkv.stjóra HSÍ.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál HSÍ og annar sér í lagi menntun handknattleiksþjálfara og útbreiðslu íþróttarinnar.

Þjálfaramenntun HSÍ

Öll þjálfaramenntun HSÍ er komin í fjarnám sem er mikið framfaraskref og höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð. Það skiptir ekki lengur máli hversu margir skrá sig við bjóðum alltaf upp á 1,2 og 3 stig.



1.stigi(6.-8. flokkur) er grunnatriði íþróttarinnar kynnt og hvernig þau skal þjálfra. Hér er reynt að hafa tengingar við íþróttafraeði og koma íþróttafraeðingar mikið að kennslu á þessu stigi.

Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (50%) og sérgreinahluta (50%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 60 í almenna hlutanum og 60 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 1. stigi.

2.stig(3.-5. flokkur). Miðast við að því að byggja á grunn leikmanna úr yngstu flokkunum, bæta við sérþjálfun eftir leikstöðum og svo í framhaldinu einföldu leikskipulagi í vörn og sókn. Einnig er komið inn á líkamlega þjálfun unglinga. Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 20 ár, skulu hafa lokið 1. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreina-hlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 2. stigi. Það voru 3 þjálfarar sem kláruðu 2. Stigið þetta tímabilið.

3.stig námið kemur inn á alla þá þætti sem skipta máli í meistaraflokksþjálfun, ítarlega er farið í hvern þátt og lagt upp úr því að vera með hæfa fyrirlesara.

Inntökuskilyrði: Lágmarksaldur 25 ára, skulu hafa lokið 2. stigi hjá HSÍ og ÍSÍ. Uppbygging náms: Námið skiptist í almennan hluta (33,3%) og sérgreinahluta (66,7%). Námskeiðið er 120 kennslustundir, 40 í almenna hlutanum og 80 í sérgreinahlutanum. ÍSÍ sér um almenna hlutann í sínu fjarnámi og þurfa þjálfarar að klára það nám til að teljast hafa lokið 3. stigi.

Það voru 3 þjálfarar sem luku 2. Stigi og 7 þjálfarar sem luku 3.stigi á þessu tímabili.

Útbreiðsla

Í lok síðasta tímabils tóku 6. fl. kv. yngra lið Harðar frá Ísafirði og sameiginlegt lið 6. fl. kk. yngri Víkings í Ólafsvík og Reynis á Hellissandi í fyrsta skiptið þátt í fjölliðamóti yngri flokka HSÍ. Víðir frá Garði sendi lið í 5. fl. kk. yngri á mót að Ásvöllum. Það er frábært að sjá ný lið taka þátt í fjölliðamótum yngri flokka HSÍ.

HSÍ stóð fyrir tveggja daga handboltasmiðju í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi 21.-22.apríl. 25 grunnskólakrakkar í 8.-10.bekk skráðu sig í handboltasmiðjuna en engin þeirra hafði áður æft handknattleik. Í smiðjunni voru fyrirlestrar í bland við handknattleiksæfingar. Á fyrsta degi smiðjunnar var farið grunnreglur handboltans ásamt því að kenna rétt grip og kastlag. Æfingunni lauk svo með keppni milli krakkanna þar sem landsliðstreyja var í verðlaun. Á seinni deginum var farið ítarlegra í samspil, varnarstöðu, sóknarleik og fintur. Farið var í spurningakeppni milli iðkenda og sem fyrr var landsliðstreyja frá HSÍ í verðlaun. Handboltasmiðjunni lauk svo með hraðmóti þar sem krakkarnir sýndu listir sínar. Það var alveg ótrúlega gaman að sjá metnaðinn og framfarir krakkanna og alls ekki langt í að hægt verði að senda lið til leiks ef Borgnesingar ákveða að leggja handknattleik fyrir sig.

Handboltaæfingar heldu áfram til maí loka 2023 í Reykjanesbæ og á Akranesi alla sunnudaga. Mjög góð mæting og mikill handboltaáhugi í sveitafélögunum tveimur. Æfingar fóru fram í Háaleitisskóla í Reykjanesbæ og á Akranesi fóru þær fram í Íþróttahúsinu á Vesturgötu Ekki náðist að halda æfingum í Reykjanesbæ þetta árið en handboltaæfingarnar áttu að hefjast eftir sumarið á Akranesi föstudaginn 22. september, æfingar áttu að vera tvisvar sinnum í viku fyrir 1. – 4. bekk. Daginn áður en æfingarnar áttu að hefjast þá fengum við þær fréttir að vegna óumflýjanlegra aðstæðna í mannvirkjamálum þar að þá þyrfti að hætta við allar fyrirhugaðar handboltaæfingar út þetta tímabil en æfingar yrðu settar á dagskrá næsta haust.

Íþróttafélagið Garpur á Laugalandi í Holtum hefur í vetur boðið upp á handboltaæfingar fyrir krakka í 1. – 10. bekk og hefur mætingin í vetur verið frábær hjá krökkunum.



Valur frá Reyðarfirði hefur í vetur boðið upp á handboltaæfingar fyrir 5 fl. karla og skelltu 12 strákara sér til Akureyrar þar sem þeir léku æfingaleik gegn KA.

Kristín Kara Collins hefur þjálfað strákana í vetur og haldið utan um æfingarnar á Reyðarfirði. Vonandi sjáum við handboltann halda áfram á Reyðarfirði.

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram þrisvar sinnum á síðasta ári. Fjórar æfingar eru í hvert sinn. Æfingarnar fóru fram í Kaplakrika. Það voru frá 104-110 iðkendur sem var boðið á æfingarnar frá 14-19 félögum. Auk æfinga var boðið upp á hádegismat og fyrirlestur þar sem iðkendur fá greinagóða lýsingu á því sem framundan er í Hæfileikamótun HSÍ, hvað tekur við eftir tímabilið og hvernig valið er í unglíngalandslið. Iðkendur frá Víðir Garði voru í fyrsta skipti boðaðir á Hæfileikamótun HSÍ og stóðu þeir sig afar vel. Það er virkilega ánægjulegt að fylgjast með þeirri þróun sem er að eiga sér stað í grasrótastarfi handboltans á Íslandi en auk Víðis í Garði styttist í að fulltrúar frá Reykjanesi, Ólafsvík, Akranesi og Reyðarfirði verði boðaðir á Hæfileikamótun HSÍ.

Markmið Hæfileikamótunar HSÍ er fyrst og fremst að fylgjast með yngri leikmönnum félagana og fjölga þeim iðkendum sem fylgst er með á landsvísu, veita þeim aðhald og undirbúning fyrir komandi landsliðsval og landsliðsverkefni. Hæfileikamótun er einnig mikilvægur vettvangur fyrir krakkana til að æfa saman á hæsta getustigi þessa aldursflokks en um leið búa til og byggja upp þéttan hóp iðkenda sem skipa munu yngri landslið HSÍ á komandi árum.

Fjölmargir leikmenn og þjálfarar mættu á æfingarnar og fóru meðal annars yfir sín uppáhalds skot, fintur ásamt áherslum varnar og sóknarlega.

Það er frábært fyrir iðkendur að fá tækifæri til að taka þátt í og sanna sig á úrtaksæfingum og kynnast leikmönnum sem annars eru alla jafna mótherjar.

Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestraröð HSÍ og HR byrjaði 14. október síðastliðinn en þangað mættu öll yngri landslið HSÍ. Fyrirlestraröðin er haldin tvisvar á ári og þar fá framtíðar landsliðsmenn okkar fræðslu um allt sem kemur við íþróttum. Þorvaldur Skúli Pálsson sjúkraþjálfari hélt fyrirlesturinn Meiðsli í afreksíþróttum – hvað get ég sjálf(ur) gert? Afreksíþróttamaður 365- að lifa eins og atvinnumaður í áhugamannaumhverfi.

15. Desember var Bjartur Guðmundsson með fyrirlesturinn „Óstöðvandi Íþróttafólk“ Algerlega frábær fyrirlestur sem framtíðar landsliðsmennirnir okkar tóku virkan þátt og voru allir mjög ánægðir.

Einnig fóru fram mælingar á líkamlegri getu leikmanna yngri landsliða sem HR stóð fyrir. Niðurstöðunum er safnað saman milli mælinga og geta því leikmenn yngri landsliða fylgst með eigin mælingum og líkamlegri getu sinni auk þess sem nemendur og starfsmenn HR geta nýtt tölurnar til rannsókna á íþróttasviði HR.

Samstarfs HSÍ og HR er báðum aðilum dýrmætt og nýttist jafnt í dag sem og til framtíðar.

Fræðsla

Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta, var með hátíðarfyrirlestur íþróttufræðideildar HR. Þórir er borinn og barnfæddur Selfyssingur og byrjaði ungur að stunda handbolta með Selfossi. Árið 1986 flutti hann til Óslóar og fór fljótlega að einbeita sér einvörðungu að þjálfun.



Þórir hefur þjálfað norska kvennalandsliðið frá árinu 2009. Árangur hans með liðið hefur verið afar eftirtæktarverður; níu sigrar á stórmótum og samtals fjórtán skipti á palli á þessum fjórtán árum. Í janúar var Þórir kosinn þjálfari ársins í Noregi á Idrettsgallaen, uppgjörshátíð norskra íþrótta, annað árið í röð. Þar að auki hefur hann verið sæmdur konunglegri riddaraorðu í Noregi fyrir framlag sitt til handboltans í Noregi.

Í fyrirlestrinum talaði Þórir um vegferð sína með landsliðinu og hvernig góð samvinna og samskipti séu lykilatriðin í því að skapa framúrskarandi liðsheild.

Markvarðaskóli HSÍ

Í vetur eins og undanfarin ár hefur verið starfræktur Markvarðaskóli HSÍ

Markvarðateymi HSÍ hefur staðið fyrir opnum æfingum í Víkinni og hafa þær verið að slá i gegn hjá ungum og efnilegum markvörðum félaga landsins. Að jafnaði mættu 35 – 42 markmenn á æfingarnar í vetur.

Tilgangurinn æfinganna, fyrir utan að vera æfing fyrir markverði er að gefa markvörðum hugmyndir af æfingum sem þeir geta gert sjálfir á æfingum með sínu félagsliði. Á æfingum er farið yfir grunnstöðu og hreyfingu markvarðar, 9 m skot, 6m skot og hornaskot.

Aukalega við opnu æfingarnar voru séræfingar fyrir valda markverði haldnar á sama tíma.

Fyrsta Skólamót HSÍ

HSÍ stóð fyrir skólamóti í handknattleik í minnibolta 17-19 apríl síðastliðin en mótið var haldið í samstarfi við grunnskólana á höfuðborgarsvæðinu. Yfir 100 lið frá 25 grunnskólum tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Leikið var í 5 og 6 bekk drengja og stúlkna. Það má áætla að á þremur dögum hafi hátt í 1.000 krakkar tekið þátt í mótinu með einum eða öðrum hætti.

17 og 18 apríl var leikið í riðlakeppni þar sem sigurliðin komust í úrslit sem leikin var 19 apríl.

24 lið komust áfram ýmist í 8 liða úrslit eða undanúrslit. Það var gríðarlega mikil stemming þegar úrslitaleikirnir fóru fram en fjölmargir grunnskólar heimiluðu heilu bekkjunum að mæta í rútu og styðja sín lið til sigurs. Trommur og söngvar ómuðu í íþróttahúsinu í Safamýri á meðan leikjum stóð.

Engidalsskóli stóð uppi sem sigurvegari í 5 bekk stúlkna eftir sigur á Sæmundarskóla 9-8 í æsispennandi leik. Það var svo Hlíðaskóli sem bar sigur úr býtum í 5 bekk drengja eftir sigur á Áslandsskóla 9-8.

Í 6 bekk stúlkna var það Breiðagerðisskóli sem sigraði Ingunnarskóla 8-7 og í 6 bekk drengja sigraði Engidalsskóli lið Hraunvallaskóla 15-12.

HSÍ óskar skólunum innilega til hamingju með titilinn “Skólameistari HSÍ 2023”. Jafnframt þökkum við þeim fjölmörgu skólum sem tóku þátt í vel heppnuð skólamóti í ár.

Skólamót 2024 verður haldið í september og verður keppt á 4 stöðum á landinu og munu sigurvegarar á hverjum stað fyrir sig keppa til úrslita í Reykjavík. Óhætt er að segja að mikill spenningur sé fyrir Skólamótinu sem er komið til að vera.

Fyrir hönd fræðslu og útbreiðslunefndar,
Inga Lilja Lárusdóttir, formaður

11. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Arnar Þorkelsson, gjaldkeri HSÍ, steig upp í pontu til að gera grein fyrir reikningum sambandsins.

Arnar ávarpaði þingið og hélt áfram með grínið frá Guðmundi og þakkaði fyrir slagsíðuna og benti á merkin sem hann fékk fyrr á þinginu. Hann sagði þetta hafa verið góð átta ár í stjórn. Það hafi þó ekki verið planið að hans síðasta embættisverk yrði að kynna tap upp á 85 milljónir króna, en eins og kom fram fyrr á þinginu var reksturinn þungur síðastliðið ár. Arnar sagðist ætla að greina frá tveimur meginskýringum síðar í máli sínu. Eins og áður sagðist Arnar ætla að kynna niðurstöður ársreikningsins með helstu tölum og setja hlutina aðeins í samhengi án þess að fara djúpt ofan í smáatriðin. Hann vildi fara yfir hvernig þróunin hafi verið og hvernig breytingin hafi verið á milli ára. Þá sagði Arnar það ljóst hvernig staðan væri og í hvað þyrfti að bæta, þannig að hann ætlaði að renna yfir heildarmyndina.

Ársreikningurinn lá frammi í þingskjölunum. Hann samanstóð af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, yfirliti um sjóðsstreymi, skýringum og svo sundurliðunum. Arnar byrjaði á rekstrarreikningnum. Rekstrartekjur ársins 2023 voru um 411 milljónir króna. Þær stóðu í stað þrátt fyrir að á árinu á undan hafi 55 milljónir króna verið endurgreiðslustyrkur vegna covid. Þannig að sjálfsaflarfé óx verulega á milli ára. Rekstrargjöldin hækkuðu verulega á milli ára og voru um 497 milljónir króna. Nettó tap á árinu 2023 hljóðaði því upp á 86 milljónir króna. Arnar sagði ánægjulegt að sjá að vel hafi tekist að bæta í sjálfsaflafé en á sama tíma væru tvær meginstoðir fyrir rekstrarniðurstöðu ársins.

Það væri annars vegar afreksstarfið. Það væri virkilega kostnaðarsamt. Þó svo að í byrjun árs hafi verið uppi áætlun um að vera nokkurn veginn réttu megin við núllið þá hafi ákveðin liðir bæst við þegar leið á árið. Bæði yngri landsliðin og stór og mikil verkefni. Eins og Guðmundur kom inn á fyrr á þinginu, var ákveðið að fara af fullum krafti inn í verkefni yngri landsliðanna á síðasta ári og greiða niður kostnað krakkanna að einhverju leyti. Verkefnin hafa aldrei verið fleiri. A-landslið kvenna sýndi frábæran árangur og komst inn á lokamótið, þó svo að það hafi verið Wild Card. En því fylgdi verulegur kostnaður, um það bil 40 milljónir króna, bara fyrir það verkefni, sagði Arnar. Auk þess hækkuðu allir kostnaðarliðir á öðrum verkefnum, svo sem flug, gisting og upphald, og svo framvegis og framvegis. Því miður fylgdi ekki aukið fjármagn frá afrekssjóði. Þá vitnaði Arnar í orð Guðmundar fyrr á þinginu að í rauninni væri alveg sama hvort HSÍ væri með eitt lið eða tvö lið inni á lokamóti. Afrekstarfi eða árangri fylgdi ekki beint fjármagn.

Hinn kostnaðarliðurinn sem olli tapi síðasta árs var markaðsstarfið eða sjónvarpsmálin þar sem gjaldfærðar voru 17 milljónir króna vegna HSÍ-TV. Því miður náðist ekki að koma tekjumódeli sjónvarpsmálanna út þannig að ekkert var tekjufært á móti þessum 17 milljónum króna. Þar að auki voru eignfærðar 18 milljónir króna og því voru þetta um 35 milljónir króna sem sambandið lagði út í kostnað á síðasta ári til að koma aðalefni sínu út. Hins vegar sagði Arnar að komnir væru um 4000 áskrifendur, og ætti vonandi eftir að aukast, og samkvæmt nýjustu áætlunum ætti sjóðsstreymi sjónvarpsmálanna að vera orðið jákvætt undir lok næsta árs og svo á þar næsta ári.

Næst fór Arnar yfir tekjur sambandsins, hvernig þær skiptust niður síðustu ár og hver þróunin hafi verið á milli ára. Styrkir frá ÍSí og Lottó stóðu nokkurn veginn í stað á milli áráanna 2022 og 2023. Tekjur frá styrktaraðilum jukust úr 92 milljónum króna árið 2022 í 140 milljónir króna árið 2023. Tekjum af landsliðum hækkuðu verulega á milli ára, meðal annars vegna fleiri landsliðsverkefna og búningasölu. Tekjur af mótahaldi stóðu í stað, það er þátttökugjöldin um hver félögin eru rukkuð. Aðrar tekjur féllu verulega á milli ára, úr 130 milljónum króna árið 2022 niður í 73 milljónir króna árið 2023. Fyrri árið voru tekjufærðar 54 milljónir króna í styrki vegna Covid og 11 milljónir króna vegna MasterCoach námskeiðs sem ekki voru til staðar árið 2023. Tekjurnar árið 2023 skiptust hlutfallslega þannig:

- ÍSí og Lottó 32%
- Sjálfsaflafé 34%,
- Tekjur landsliða 11%
- Tekjur af mótahaldi 5%
- Aðrar tekjur 18%

Undir aðrar tekjur féllu endurgreiðslur frá yngri landsliðum og annað tilfallandi, sem og ferðastyrkir erlendis frá sem notaðir voru til að komast inn á stórmótin. Eins og sjá má var þriðjungur teknanna sjálfsaflafé og þriðjungur frá ÍSí og Lottó, sagðir Arnar.

Þróunina á rekstrarkostnaðinum sýndi Arnar með sundurliðun kostnaðarins. Kostnaður landsliða jókst milli áráanna 2022-2023 úr 233 milljónum króna upp í 322 milljónir króna. Þá sýndi Arnar þingfulltrúum breytinguna frá árinu 2020 þar sem kostnaðurinn var verulega lægri vegna Covid en í gegnum árin hafi reksturinn verið í jafnvægi. Hins vegar hafi verið aukinn kostnaður vegna afreksstarfsins sem skilaði auknum árangri og sýni að sambandið hafi virkilega viljað fjárfesta í afreksstarfi undanfarin ár. Annað hafi haldið sér nokkurn veginn í samræmi við verðlag, að sögn Arnars. Kostnaður sambandsins árið 2023 skiptist hlutfallslega þannig:

- Afreksstarf 65%
- Mótakostnaður 12%
- Laun 15%
- Skrifstofukostnaður 5%
- Annar rekstrarkostnaður 3%

Næst fór Arnar yfir efnahagsreikninginn. Stofnkostnaður við HSÍ-TV var eignfærður í samræmi við tekjustreymið af fjárfestingunni. Arnar útskýrði fyrir þingheimi að á móti tilfallandi rekstrarkostnaði kæmu venjulega tekjur en stofnkostnaðurinn yrði tekinn yfir þrjú ár í samræmi við innheimtu tekna. Viðskiptakröfur sambandsins hækkuðu verulega á milli áráanna 2022-2023. Aftur var stór hluti þess vegna félaganna en eins og allir vita, sagðir Arnar, væri ekki auðvelt að starfa í íþróttahreyfingunni en sambandið gæti ekki rekið sig ef útistandandi viðskiptakröfur á félög innheimtust ekki. Þá væri það jafnréttissjónarmið á milli félaga, eins og hann hafði komið inn á áður, að kröfur til HSÍ væru greiddar fyrst vegna þess að eitt félag gæti ekki skuldað sambandinu á meðan annað félag stæði fyrst í skilum við sambandið. Arnari var það mjög mikilvægt að halda þessu til haga. Aðrar skammtímakröfur lækkuðu verulega á milli ára, það var að stærstum hluta vegna covid styrksins sem var þar inni árið 2022. Viðskiptaskuldir voru bara almennar viðskiptaskuldir, að hluta til vegna aukinna umsvifa og

lokamót í lok árs 2023. Þá var fyrirkomulaginu breytt aðeins, þannig að nú yrðu teknir inn styrkir frá Olís og sambandið ynni markaðsstarfið sjálf. Aðrar skammtímaskuldir hækkðu verulega á milli ára. Nefndi Arnar fyrirfram innheimtar tekjur vegna afrekssjóðs sem kom inn fyrir áramót, sambandið tók aukalega inn vegna fjárútláta í janúar, og hærri útistandandi kröfur vegna vörslusjóða. Það væri annars vegar vegna ferðajöfnunarsjóðs og hins vegar vegna útlags dómarakostnaðar sem HSÍ heldur til og skilar svo til baka til félaganna við uppgjör.

Arnar tók saman í lokin að rekstur sambandsins hafi verið erfiður. Það væru oftast tvær leiðir, það væri að skera niður eða sækja meira fé. Þá sagði hann að þetta væri kannski ekki reksturinn sem hann vildi kynna í lok síns tíma í stjórn en taldi að sambandið hefði gert mjög gott starf á undanförunum árum og hefði alla burði til að sækja ennþá fram. Það þyrfti þó að fara skynsamlega að því og halda áfram þessu góða starfi. Að lokum þakkaði Arnar fyrir sig. Hann þakkaði stjórn fyrir samstarfið á liðnum árum, starfsfólki, og sérstaklega Róberti Geir, hverjum hann sagði að væri virkilega ánægjulegt að starfa með. Arnar minntist símtala á öllum tímum dags, snemma morguns eða seint að kvöldi og þakkaði Róberti sérstaklega fyrir þau.

Þingforseti minnti þingfulltrúa á að öllum væri frjálst að taka til máls undir þessum lið en lagði fram tillögu um að umræður um reikninga færu fram undir lið 12 samhliða umræðu um skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir bárust og var tillagan því samþykkt.



67. ÁRSPING HSI



Ársreikningur 2023
Þingskjal 2



Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur 2023

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

kt. 590169-4049

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Kristín Þórðardóttir
Kl. 0111804509
Dags. 19.6.2024 12:06:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Ragnar Lárus Kristjánsson
Kl. 1810723939
Dags. 19.6.2024 12:09:28
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Kristján Guðmar Kristjánsson
Kl. 2011653779
Dags. 19.6.2024 12:52:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Guðmundur Birgir Ólafsson
Kl. 1311624139
Dags. 19.6.2024 12:06:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Amar Jóhann Þorláksson
Kl. 1905833339
Dags. 19.6.2024 12:21:28
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Guðrún Guðjónsdóttir
Kl. 1807612689
Dags. 19.6.2024 12:53:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Inga Lífja Lárusdóttir
Kl. 2102754799
Dags. 19.6.2024 12:07:02
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Reynir Stefánsson
Kl. 1408722969
Dags. 19.6.2024 12:26:15
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Róbert Geir Glásson
Kl. 1611823389
Dags. 19.6.2024 12:08:35
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAB
Páll Þórðsson
Kl. 3105724039
Dags. 19.6.2024 12:51:54
Ástæða: Undirritun

Handknattleikssamband Íslands

Skýrsla og ársstjórnar og framkvæmdastjóra

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og þróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2023 að fjárhæð 85,6 m. kr. Eigið fé félagsins var neikvætt um 21,8 m. kr. í árslok 2023 og heildareignir voru 83,5 m. kr. Stöðugildi á skrifstofu félagsins voru 7 í upphafi árs 2023 en 6 í lok árs.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2023 og rekstrarrafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2023.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og ljá helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. júní 2024.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskiilaáferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Handknattleikssambands Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Við höfum fylgt settum siðareglum, þar með talið hvað varðar heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkæmi.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess. Framsetning hans er í samræmi við lög og góða reikningsskiilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Reykjavík, 18. júní 2024.

Fjárstoð ehf.

Gunnar Þór Pálmarson

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan sem lagður er fram af stjórn félagsins og á hennar ábyrgð í samræmi við starfsskyldur hennar.

Við yfirferðina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 18. júní 2024.

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2023	2022
Styrkir frá ÍSí og Lottó	12	131.505	130.326
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	13	140.288	92.201
Tekjur af landsliðum	14	46.207	39.767
Tekjur af mótahaldi	15	19.271	18.683
Aðrar tekjur	16	73.285	130.203
Rekstrartekjur		410.556	411.181
Kostnaður landsliða	17	(321.725)	(232.582)
Mótakostnaður	18	(58.622)	(35.743)
Laun og launatengd gjöld	19	(75.966)	(66.460)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20	(23.273)	(18.915)
Annar rekstrarkostnaður	21	(16.414)	(15.525)
Afskriftir	6, 24	(522)	0
Rekstrarkostnaður		(496.522)	(369.225)
Hrein (rekstrargjöld) rekstrartekjur		(85.966)	41.956
Fjármunatekjur	22	1.626	383
Fjármagnsgjöld	23	(1.245)	(278)
Hreinar fjármunatekjur		381	105
(Tap) hagnaður ársins		(85.585)	42.060

Skýringar á bls. 7 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir	6, 24	18.257	0
Fastafjármunir samtals		18.257	0
Viðskiptakröfur	8, 25	54.683	38.971
Aðrar skammtimákröfur	26	8.986	74.716
Handbært fé	9, 27	1.579	14.794
Veltufjármunir samtals		65.248	128.481
Eignir samtals		83.505	128.481
Eigið fé og skuldir			
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé		(21.790)	63.794
Eigið fé samtals		(21.790)	63.794
Viðskiptaskuldir		55.646	47.603
Skuldir við lánastofnanir		14.825	0
Aðrar skammtimaskuldir	28	34.825	17.084
Skammtimaskuldir samtals		105.296	64.687
Eigið fé og skuldir samtals		83.505	128.481

Skýringar á bls. 7 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit

1. janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		63.794	63.794
Tap ársins		(85.585)	(85.585)
Eigið fé 31. desember 2023		(21.790)	(21.790)

1. janúar 2022 til 31. desember 2022	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022		21.734	21.734
Hagnaður ársins		42.060	42.060
Eigið fé 31. desember 2022		63.794	63.794

Skýringar á bls. 7 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2023	2022
(Táp) hagnaður ársins		(85.585)	42.060
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		529	194
Afskriftir rekstrarfjármuna	24	522	0
		(84.534)	42.255
Rekstrartengdar eignir, breyting		49.490	(71.331)
Rekstrartengdar skuldir, breyting		25.784	40.924
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(9.260)	11.847
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	24	(18.779)	0
Fjárfestingahreyfingar		(18.779)	0
Fjármögnunarahreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		14.825	0
Fjármögnunarahreyfingar		14.825	0
Handbært fé í upphafi árs		14.794	2.947
Breyting handbærs fjár		(13.214)	11.847
Handbært fé í árslok		1.579	14.794

Skýringar á bls. 7 til 12 eru aðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Handknattleikssamband Íslands, hér eftir nefnt félagið, eru íslensk félagasamtök með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þeirra er að Engjavegi 6, Reykjavík.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 18. júní 2024.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum.

Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2023. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.

Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðill	Myntkóti	Meðalgengi		Lokagengi	
		2023	2022	31.12.2023	31.12.2022
Evr	EUR	149,136	142,329	150,500	151,500

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir:

HSÍ TV	33%
--------	-----

7. Virðisrýmun

a. Almenn

Árlega, eða oftár ef ástæða þykir til, er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Eign hefur rýrnað í virði ef hlutlæg vísbendingar eru um einn eða fleiri orðna atburði sem benda til þess að vænt framtíðar sjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

b. Útreikningur

Virðisrýmun eigna er mismunur á bókfærðu virði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi hinsvegar. Útreikningar geta náð til einstakra eigna eða eignasamstæða eftir aðstæðum.

c. Bókun

Virðisrýmun er gjaldfærð í gegnum rekstrarreikning.

d. Viðsnúningur

Virðisrýmun er bækfærð ef hægt er að tengja bækfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýmunin var færð. Viðsnúningur virðisrýmunar er færð í gegnum rekstrarreikning.

Skýringar

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

11. Skattamál

Félagið er ekki tekjuskattskylt en innheimtir virðisaukaskatt af veltu sem fellur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

Skýringar

Rekstrarreikningur

12. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó

Styrkir frá ÍSÍ og Lottó sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Aftekssjóður	86.600	86.600
Olympíusamhjálpin	5.198	7.940
Útbreiðslustyrkur	5.215	4.981
Aðrir styrkir	3.330	3.420
Lottó	31.162	27.384
Samtals	131.505	130.326

13. Styrkir frá öðrum styrktaraðilum

Styrkir frá öðrum styrktaraðilum sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Fastir styrkir	105.044	65.700
Aðrir styrkir	35.243	26.501
Samtals	140.288	92.201

14. Tekjur af landsliðum

Tekjur af landsliðum sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Auglýsingatekjur	14.333	16.086
Aðgangseyrir	14.358	9.337
Veitingasala	1.660	0
Sala búninga	15.856	14.344
Samtals	46.207	39.767

15. Tekjur af mótahaldi

Tekjur af mótahaldi sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Mótagjöld	14.590	14.960
HSÍ TV	1.474	0
Sektir	3.208	3.723
Samtals	19.271	18.683

16. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Námskeið	2.384	11.893
Ferðastyrkir	26.343	24.397
Endurnukkaður ferðakostnaður yngri landsliða	33.366	24.964
Félagaskipti milli landa	8.153	11.448
Félagaskipti innanlands	1.560	1.740
COVID-19 stuðningur hins opinbera	0	54.702
Annað	1.479	1.060
Samtals	73.285	130.203

Skýringar

17. Kostnaður landsliða

Kostnaður landsliða sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Þjálfunarkostnaður	60.142	40.602
Þátttökugjöld og uppihald	51.753	30.125
Flug	63.123	50.990
Gisting	23.511	22.810
Bilaleigubílar og akstur	9.856	8.497
Dagpeningar	11.995	7.624
Annar ferðakostnaður	3.444	2.158
Gisting og uppihald mótherja	18.525	12.881
Dómarar á landsleikjum	3.339	2.457
Annar kostnaður vegna landsleikja	20.640	13.877
Húsaleiga	5.998	2.716
Búningar	23.652	12.638
Sjúkrakostnaður	17.601	15.339
Tryggingar	633	533
Annað	7.515	9.335
Samtals	321.725	232.582

18. Mótakostnaður

Mótakostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Dómgæsla og eftirlit	13.627	13.045
HSÍ TV	17.455	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	27.540	22.698
Samtals	58.622	35.743

19. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Laun	59.657	52.075
Bifreiðastyrkur	2.768	2.553
Mótframlag í líffeyrissjóð	8.054	7.030
Tryggingagjald	4.503	3.942
Önnur launatengd gjöld	984	859
Samtals	75.966	66.460
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	6,5	5,5
Stöðugildi í árslok	6,0	7,0

20. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Húsaleiga vegna skrifstofu	4.242	3.857
Aðkeypt sérfræðþjónusta	305	301
Rekstur tölvukerfa	4.771	4.216
Sími og netkostnaður	1.248	1.270
Ferðakostnaður	3.526	2.726
Pappír, prentun og rítföng	154	47
Bækur, blöð og áskriftir	123	115
Starfsmannakostnaður	4.566	3.649
Markaðskostnaður	3.504	2.395
Gjafir og blóm	278	239
Tryggingar	98	89
Annað	458	13
Samtals	23.273	18.915

Skýringar

21. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Fræðslu- og nefndakostnaður	5.214	5.503
Hæfileikamótun - Handboltaskóli	1.146	1.641
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	541	828
Kaup á búningum	7.268	6.989
Annað	2.245	563
Samtals	16.414	15.525

22. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Vaxtatekjur	1.626	383
Samtals	1.626	383

23. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2023	2022
Vaxtagjöld	365	0
Fjármagnstekuskattur	351	84
Gengismunur	529	194
Samtals	1.245	278

Skýringar

Efnahagsreikningur

24. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:

HSÍ TV	31.12.2023	31.12.2022
Bókfært virði í upphafi tímabils	0	0
Keypt	18.779	0
Afskriftir	(522)	0
Bókfært virði í lok tímabils	18.257	0

HSÍ TV	31.12.2023	31.12.2022
Stofnverð	18.779	0
Afskrifað	(522)	0
Bókfært virði í lok tímabils	18.257	0

25. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	54.818	39.106
Varúðarniðurfærsla	(135)	(135)
Samtals	54.683	38.971

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

26. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Virðisaukaskattur	2.353	254
Fyrirframgreiddur kostnaður	6.267	8.604
Kortafyrirtæki	366	11.157
COVID-19 stuðningur hins opinbera	0	54.702
Samtals	8.986	74.716

27. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.574	14.794
Bankainnstæður í erlendum myntum	5	0
Samtals	1.579	14.794

28. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.798	3.631
Dómarakostnaður - vörslufé	4.722	2.312
Ferðajöfnunarsjóður	5.230	3.099
Fyrirframinnheimtar tekjur	21.075	8.042
Samtals	34.825	17.084



12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis

Þingforseti bauð orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs. Þingforseti bar þá reikninga sambandsins undir atkvæði.

Framlagðir reikningar voru samþykktir án athugasemda.

13. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talin þátttökugjöld fyrir næsta starfsár

Róbert Geir Gíslason steig í pontu til að gera grein fyrir tillögu stjórnar HSÍ um fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Róbert byrjaði á að þakka Arnari kærlega fyrir samstarfið. Það hafi verið virkilega ánægjulegt undanfarin ár. Vegna þess að Arnar væri að hætta kom það í hlut framkvæmdastjórnans að kynna fjárhagsáætlun næsta árs. Róbert sagðist ætla að stikla á stóru og síðan færi áætlunin inn í fjárlaganefnd þar sem farið yrði dýpra í hana.

Sambandið gerði ráð fyrir tekjuaukningu á árinu 2024. Þó, sagði Róbert, væru það vonbrigði að styrkir frá ÍSÍ og Lottó myndu lækka á milli ára. Það hjálpaði alls ekki við reksturinn. Hins vegar var HSÍ komið í viðræður við styrktaraðila og sæi fram á hækkun hjá öðrum styrktaraðilum sem og af mótahaldi. Auknar tekjur af mótahaldi kæmu bæði fram sem tekjur af HSÍ-TV og að sambandið lagði til hækkunar á mótagjöldum. Gert væri ráð fyrir því að tekjur af landsliðum myndu lækka og þá einkum vegna þess að HSÍ sæi fram á minni búningasölu sem og færri landsleiki hér á landi. Aðrar tekjur myndu líklegast hækka lítillaga og stafaði það helst af endurgreiðslu yngri landsliða sem væri mikil vonbrigði að sögn Róberts, því HSÍ hafi þurft að rukka yngri landsliðin meira í byrjun árs 2024 en undanfarin ár. Samtals gerði sambandið ráð fyrir rekstrartekjum upp á um 464 milljónir króna á árinu 2024.

Næst fjallaði Róbert um rekstrargjöldin. Hann sagði að gert væri ráð fyrir því að draga saman í landsliðum á árinu 2024 og sú vegferð væri nú þegar hafin. Verkefnum í sumar hafi verið fækkað og HSÍ sæi fram á að þurfa að fækka verkefnum enn frekar þegar liði á árið. Þá myndu yngri landsliðin spila færri leiki veturinn 2024-2025 en nokkru sinni fyrr. Jafnframt sagði Róbert að A-landsliðin væru til skoðunar og hvað væri til ráða með þau. Sambandið myndi þurfa að skera niður í landsliðastarfinu. Mótakostnaður myndi aukast og það stafaði af HSÍ-TV, sagði Róbert. Sambandið væri ennþá að fjárfesta þar inn, eins og Guðmundur hafði komið inn á fyrr á þinginu, með fjölgun myndavéla. Það myndi hins vegar skila sambandinu tekjum til framtíðar og, eins og Arnar hafði komið inn á fyrr á þinginu, þá væri reiknað með jákvæðu sjóðsstreymi þar þegar liði á árið. Gert væri ráð fyrir því að laun og launatengd gjöld myndu hækka lítillaga árið 2024 og gert ráð fyrir því að draga saman í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði. Þar væru ákveðnir liðir sem HSÍ sæi tækifæri til að draga saman og skera ennþá frekar niður kostnað, sem og í öðrum rekstrarkostnaði, en þar stafaði það helst af búningakaupum sem sambandið myndi draga úr á árinu. Afskriftir af þeim búnaði sem búið væri að kaupa voru reiknaðar um 8 milljónir króna. Þannig að gert væri ráð fyrir samtals



rekstrargjöldum í kringum 460 milljónir króna. Hagnaður ársins án fjármagnsliða yrði þá tæpar 4,9 milljónir króna og hagnaður að teknu tilliti til fjármagnsliða tæpar 2 milljónir króna.

Róbert vék sér næst að tillögu um þáttökugjöld fyrir næsta ár. Þáttökugjöld höfðu ekki hækkað undanfarin ár og í ljósi verðbólgu og verðlags lagði HSÍ fram hækkingu á þáttökugjöldum sem hér segir:

- Þáttökugjöld í úrvalsdeild úr 380 þúsund upp í 500 þúsund.
- 1. deild úr 180 þúsund í 250 þúsund.
- 2. deildin færi úr 130 þúsund í 150 þúsund.
- Yngri flokkar hækkuðu úr 20 þúsund í 50 þúsund.
- Bikarkeppni færi úr 15 þúsund í 30 þúsund,
 - og úr 30 þúsund í 50 þúsund fyrir 4ja liða úrslit.
- Ferðajöfnunarsjóður yrði óbreyttur en hann var hækkaður á síðasta ársþingi.
- Úrslitaleikir yngri flokka sem höfðu ekki hækkað síðan gjald var sett á þá myndu hækka úr 6 þúsund í 10 þúsund.
- Gjald vegna skráningu venslaliða færu úr 12,5 þúsund upp í 50 þúsund,
 - en félagaskipti á milli venslaliða væru frí.
- Félagaskiptagjöld innanlands færu úr 12 þúsund í 15 þúsund.
- Félagaskiptagjöld erlendis færu úr 45 þúsund í 50 þúsund.
- Breytingagjald í yngri flokkum færi úr 2.500 í 3.500 krónur.

Róbert þakkaði fyrir sig í bili.

Þingforseti lagði til að þingskjölum undir þessum lið yrði vísað til fjárhagsnefndar í þinghléi. Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Tillögu um fjárhagsáætlun var vísað til fjárhagsnefndar.

67. ÁRSPING HSÍ



Fjárhagsáætlun 2024
Þingskjal 3

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2024

	Skýr.	2024 Áætlun	2023 Rauntölur	2023 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Styrkir frá ÍSÍ og Lottó	1	120.687.000	131.505.000	119.430.000
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	2	165.000.000	140.287.000	130.000.000
Tekjur af landsliðum	3	30.000.000	46.207.000	38.000.000
Tekjur af mótahaldi	4	64.500.000	19.272.000	19.000.000
Aðrar tekjur	5	84.000.000	73.285.000	59.000.000
Rekstrartekjur alls		464.187.000	410.556.000	365.430.000
REKSTRARGJÖLD				
Kostnaður landsliða	6	263.000.000	321.725.000	228.500.000
Mótakostnaður	7	82.000.000	58.622.000	36.000.000
Laun og launatengd gjöld	8	79.200.000	75.966.000	70.100.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	19.200.000	23.273.000	18.700.000
Annar rekstrarkostnaður	10	8.100.000	16.414.000	11.600.000
Afskriftir	12	7.800.000	522.000	0
Rekstrargjöld samtals		459.300.000	496.522.000	364.900.000
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		4.887.000	-85.966.000	530.000
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	11	0	1.626.000	1.000.000
Vaxtagjöld	11	-3.000.000	-365.000	0
Fjármagnstekuskattur	11	0	-351.000	-20.000
Gengismunur	11	0	-529.000	-500.000
		-3.000.000	381.000	480.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		1.887.000	-85.585.000	1.010.000

Skýringar með fjárhagsáætlun

	2024 Áætlun	2023 Rauntölur	2023 Áætlun
1 Styrkur frá ÍSÍ og Lottó			
ÍSÍ afreksmannasjóður	84.857.000	86.600.000	82.600.000
ÍSÍ Ólympíufjölskyldan	1.000.000	5.198.000	3.500.000
ÍSÍ útbreiðslustyrkir	3.500.000	5.215.000	4.000.000
ÍSÍ aðrir styrkir	3.330.000	3.330.000	3.330.000
ÍSÍ Lottó	28.000.000	31.162.000	26.000.000
Framlög og styrkir alls	<u>120.687.000</u>	<u>131.505.000</u>	<u>119.430.000</u>
2 Aðrir styrkaraðilar			
Fastir styrkir	130.000.000	105.044.000	100.000.000
Aðrir styrkir	35.000.000	35.243.000	30.000.000
Aðrir styrkaraðilar alls	<u>165.000.000</u>	<u>140.287.000</u>	<u>130.000.000</u>
3 Tekjur af landsliðum			
Auglýsingar	15.000.000	14.333.000	15.000.000
Aðgangseyrir	7.000.000	14.358.000	7.000.000
Sjoppa landsleikir	1.000.000	1.660.000	0
Sala búninga	7.000.000	15.856.000	16.000.000
Tekjur af landsliðum alls	<u>30.000.000</u>	<u>46.207.000</u>	<u>38.000.000</u>
4 Tekjur af mótahaldi			
Mótagjöld	18.000.000	14.590.000	15.000.000
HSÍ TV	43.000.000	1.474.000	0
Sektir	3.500.000	3.208.000	4.000.000
Tekjur af mótahaldi alls	<u>64.500.000</u>	<u>19.272.000</u>	<u>19.000.000</u>
5 Aðrar tekjur			
Námskeið	2.000.000	2.384.000	2.000.000
Ferðastyrkir	30.000.000	26.343.000	20.000.000
Endurrukkaður ferðakostnaður yngri landslið	40.000.000	33.366.000	25.000.000
Félagaskipti milli lands	10.000.000	8.153.000	10.000.000
Félagaskipti innanlands	2.000.000	1.560.000	2.000.000
Annað	0	1.479.000	0
Aðrar tekjur alls	<u>84.000.000</u>	<u>73.285.000</u>	<u>59.000.000</u>
6 Kostnaður landsliða			
Verktakgreiðslur til þjálfara	50.000.000	60.142.000	50.000.000
Þátttökugjöld og uppihald	50.000.000	51.753.000	35.000.000
Flug	55.000.000	63.123.000	55.000.000
Gisting	20.000.000	23.511.000	15.000.000
Bilaleigubílar og akstur	7.500.000	9.856.000	5.000.000
Dagpeningar	12.000.000	11.995.000	8.000.000
Annar ferðakostnaður	3.000.000	3.444.000	1.500.000
Gisting og uppihald mótherja	14.000.000	18.525.000	10.000.000
Dómarar á landsleikjum	3.000.000	3.339.000	2.500.000
Annar kostnaður vegna landsleikja	15.000.000	20.640.000	10.000.000
Húsaleiga	5.000.000	5.998.000	3.000.000
Búningar	5.000.000	23.652.000	12.000.000
Sjúkrakostnaður og harpíx	17.000.000	17.601.000	15.000.000
Tryggingar	500.000	633.000	500.000
Annað	6.000.000	7.513.000	6.000.000
Kostnaður landsliða alls	<u>263.000.000</u>	<u>321.725.000</u>	<u>228.500.000</u>
7 Mótakostnaður			
Dómgæsla og eftirlit	14.000.000	13.627.000	14.000.000
HSÍ TV	40.000.000	17.455.000	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	28.000.000	27.540.000	22.000.000
Mótakostnaður alls	<u>82.000.000</u>	<u>58.622.000</u>	<u>36.000.000</u>

8 Laun og launatengd gjöld

Laun starfsmanna	62.000.000	59.657.000	55.000.000
Bifreiðastyrkur	2.900.000	2.768.000	2.900.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	8.300.000	8.054.000	7.200.000
Tryggingagjald	4.800.000	4.503.000	4.000.000
Önnur launatengd gjöld	1.200.000	984.000	1.000.000

Laun og launatengd gjöld alls	<u>79.200.000</u>	<u>75.966.000</u>	<u>70.100.000</u>
-------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------

9 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Húsaleiga vegna skrifstofu	4.500.000	4.242.000	4.000.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	400.000	305.000	400.000
Rekstur tölvakerfa	5.000.000	4.771.000	4.500.000
Sími og netkostnaður	1.300.000	1.248.000	1.300.000
Ferðakostnaður	3.000.000	3.526.000	3.000.000
Pappír prentum og ritföng	250.000	154.000	250.000
Bækur, blöð og áskriftir	150.000	123.000	150.000
Starfsmannakostnaður	4.000.000	4.566.000	4.000.000
Áhöld og tæki	0	0	500.000
Markaðskostnaður	0	3.504.000	0
Gjafir og blóm	250.000	278.000	250.000
Tryggingar	100.000	98.000	100.000
Annar skrifstofukostnaður	250.000	458.000	250.000

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>19.200.000</u>	<u>23.273.000</u>	<u>18.700.000</u>
---	-------------------	-------------------	-------------------

10 Annar rekstrarkostnaður

Fræðslu- og nefndarkostnaður	5.000.000	5.214.000	2.000.000
Hæfileikamótun / Handboltaskóli	1.500.000	1.146.000	2.000.000
Pjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	1.000.000	541.000	1.000.000
Kaup á búningum	0	7.268.000	6.000.000
Sjoppa	100.000	0	100.000
Annað	500.000	2.245.000	500.000

Annar rekstrararkostnaður alls	<u>8.100.000</u>	<u>16.414.000</u>	<u>11.600.000</u>
--------------------------------	------------------	-------------------	-------------------

11 Vaxtagjöld og vaxtatekur

Vaxtatekjur	0	1.626.000	1.000.000
Vaxtagjöld	-3.000.000	-365.000	0
Fjármagnstekuskattur	0	-351.000	-20.000
Gengismunur	0	-529.000	-500.000

Vaxtagjöld og vaxtatekur alls	<u>-3.000.000</u>	<u>381.000</u>	<u>480.000</u>
-------------------------------	-------------------	----------------	----------------

12 Afskriftir

Afskriftir	7.800.000	522.000	0
------------	-----------	---------	---

Afskriftir alls	<u>7.800.000</u>	<u>522.000</u>	<u>0</u>
-----------------	------------------	----------------	----------

67. ÁRSPING HSÍ



**Tillaga stjórnar HSÍ
um þáttökugjöld**



Þátttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélag HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjalddagi skal vera 5.september ár hvert.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og upphaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

HSÍ gerir upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ skv. nánara samkomulagi við þátttökulið.

Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2024-2025

Úrvalsdeild	kr. 380 500.000,-
1.deild	kr. 480 250.000,-
2.deild	kr. 13050.000,-
Utandeild	kr. 50.000,-
Mfl. B-lið	kr. 50.000,-
2. fl	kr. 2050.000,-
3.fl	kr. 2050.000,-
4.fl	kr. 2050.000,-
Bikar keppni m.fl	kr. 1530.000,- Per lið per umferð fram að 4 liða úrslitum
Bikarkeppni m.fl	kr. 3050.000,- Per lið per umferð frá og með 4 liða úrslitum
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 100.000,-
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 610.000,-
Gjald vegna skráningar venslafélaga	kr. 1250.000,- Per félag
Félagaskiptagjöld innanlands	kr. 125.000,-
Félagaskiptagjöld erlendis	kr. 4550.000,-
Breytingargjald á leikjum	kr. 23.500,-



14. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Þingforseti bað Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóra HSÍ, um að stíga upp í pontu til að gera grein fyrir tillögum um lagabreytingar sem lágu fyrir þinginu. Aðeins ein tillaga hafði borist um lagabreytingu. Hana má sjá í þingskjali nr. 4 á næstu blaðsíðu.

67. ÁRSPING HSÍ



**Tillögur til breytinga
á lögum HSÍ**



67. ársþing HSI haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2027

Þingskjal nr: 4

Lagabreyting
Flutningsaðili: KA

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSI ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSI ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSI ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundin skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSI til samþykktar.

Stjórn HSI ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild ~~skulu 2 neðsta liðin fallaskal neðsta liðið falla~~ og efsta liðið í 1. deild ~~tekur sæti þess. Liðið í 11 sæti í úrvalsdeild leikur umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt sigurvegara-úr-umspili-liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSI setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.

C. Umspil 1. deildar

- 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.



Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1.deild mætir liði 3 í 1. deild.

Lið ~~3-11~~ í ~~úrvals~~-deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1.deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Það er algjörlega þorðliggjandi að betrubæta umspilið um laust sæti í úrvalsdeild með því að taka 11. sætið í Olís-deildinni inn í það.

Fyrir því liggja þónokkur rök:

- 1) Þar sem U-lið, sem skipa stærstan hluta liða í Grill66 deildinni geta ekki farið upp hefur undanfarin ár verið „auto“ fyrir tímabil hvaða lið keppa í umspili um laust sæti í úrvalsdeildinni. Þetta hefur orðið til þess að:
 - a. Þó að lið falli tölfraðilega, á það samt möguleika á að fara upp
 - b. Lið geta spilað heilan vetur án þess að vinna leik en samt farið upp í úrvalsdeild
 - c. Lið geta styrkt sig 30. Janúar um þónokkra leikmenn og gert atlögu að úrvalsdeild, búnir að spila (og tapa) öllum leikjum fram að því
 - d. Undanfarin 2 ár hafa bara verið fjögur félög í Grill66 sem mega fara upp, og því ljóst strax að hausti að 1 lið fer beint upp og 3 í umspil (sem ættu í raun að vera fjögur)
 - e. Með þessu er hægt að gefa liðunum í Grill66-deildinni meiri tíma til að byggja upp sín lið og gera þau tilbúnari til að fara upp í Olís-deildinni og vera keppnishæf þar. Mörg dæmi sýna að lið úr Grill66-deildinni hafa “neyðst” til að fara upp án þess að vera í raun tilbúnir í það. Sem hefur síðan kostað þau að þau hafi fallið strax aftur og misst sína bestu leikmenn til stærri félaga.
- 2) Liðin sem hafa komið upp um deild (tvö á hverju ári) hafa ítrekað fallið beint aftur. Þau eru ekki nægilega sterk til þess að standa af sér úrvalsdeildarbaráttu á fyrsta ári. Það að bæta 11. sætinu í umspil verður til þess að úrvalsdeildarliðin hafi meiri möguleik á að tryggja sæti sitt og bæta sitt lið og umgjörð áfram.
- 3) Á síðastliðnum 9 árum eru bara þrjú félög sem hafa komið upp úr Grill66 deildinni og haldið sæti sínu í deildinni, KA, HK og Gróttá. Hin liðin hafa komið upp og fallið strax aftur.

Með því að taka 11. sætið í umspilið verður þessi ávinningur:

- a. Umspilið verður sterkara, m.y. úrslitin og spennuna í umspili kvennamegin undanfarin ár.
- b. Lið geta ekki farið á frípassa í gegnum Grill66 deildina og gert atlöguna að sætinu í úrvalsdeild.
- c. Við búum til stabilari úrvalsdeild
- d. Við búum til fleiri leiki í „úrslitakeppni“ sem laðar að fleiri áhorfendum, gefur félögunum tekjur og býr til meiri stemmingu.



Við viljum að 11. sætið spili við 4. sætið í Grillinu, og 2. og 3. sætið mætist í „undanúrslitum“. Það er til þess að enginn sitji hjá, og fari í 3 vikna pásu í apríl. Jafnari grundvöllur, fleiri leikir sem gefa tekjur og stemmingu.


Þingforseti lagði til að umfjöllun um tillöguna yrði vísað til allsherjar- og laganefndar í þinghléi og bauð orðið laust. Engin kvað sér hljóð og var tillaga þingforseta því samþykkt.

Tillaga um að vísa tillögunni til allsherjar- og laganefndar var samþykkt.

15. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Stjórn hafði borist fjögur mál fyrir þingið. Þingforseti bauð Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóra HSÍ, upp í pontu til að fjalla um þau.

Róbert sagði að stjórn hafi borist tvö mál frá félögum og þá voru tvö mál sem stjórnin lagði sjálf fram. Hann upplýsti þingfulltrúa um að málin væru merkt í þinggögnunum sem þingskjal nr. 5, 6, 7 og 8.



67. ársþing HSI haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2027

Þingskjal nr: 5

Ályktun:

Flutningsaðili: KA

Ályktun

67. ársþing HSI beinir því til stjórnar HSI að breyta reglugerð um Handknattleiksmót og fækka úr 16 leikmönnum í 14 leikmenn á leikskýrslu.

Greinargerð

Helstu rök fyrir því að fækka úr 16 í 14 á skýrslu:

- Lið nota nánast aldrei nema 14 leikmenn í leik. Leikmaður 15 og 16 eru þar af leiðandi algjörar varaskeifur, og taka einnig sæti úr U-liði þar sem mega bara 4 frá síðasta aðalliðsleik leika með U-liði, veikir U-liðin.
- Leikmenn í hóp fara oft á recovery æfingu daginn eftir leik og algjöra undirbúningsæfingu daginn fyrir leik. Fyrir leikmann 15 og 16, sem taka engann þátt í leiknum fara þá þrjú dagar í leikviku í leikinn, sem þeir tóku engan þátt í.
- Af 12 liðum í úrvalsdeild, ef allir myndu minnka hópana sína um 2 leikmenn verða 24 leikmenn „lausir“ sem geta styrkt veikari liðin, eða lið í Grill66 deildinni, eða orðið til þess að vettvangur skapast fyrir nýtt lið
- Ferðalög fyrir 16 leikmenn kosta meira en ferðalög fyrir 14 leikmenn.

Mótrök, sem hafa verið nefnd í umræðum á formannafundi eru aðallega tvönn:

- 1) Þetta er svona í Evrópu. Hárrétt. Enn við erum líka lítil eyja með fá lið í algjöru áhugamannaumhverfi. Það myndi stuðla að meiri hreyfingu á leikmannamarkaði og að leikmenn sem eru í hóp fái að spila mínútur en sitji ekki ónotaðir varamenn. Ef menn eru ósáttir við að vera utan hóps leita þeir mögulega í önnur lið þar sem þeir fá að spila. Leikmaður 15 og 16, jafnvel 17 og 18 í sterkustu liðum landsins gætu verið að spila 30+ mínútur í leik með liðum 5-16.
- 2) Það er val hvers félags að velja þá bara 14 leikmenn í staðinn fyrir 16, en gott að hafa möguleikann á að hafa 16, sérstaklega ef á að spara ferðakostnað. Þetta er einnig hárrétt. Hinsvegar að þá er erfitt að standa fyrir framan 17 ára gamlan leikmann og segja við hann: Við ætlum að velja bara 14 í dag, og þú ert utan þess. Skilaboðin til þess leikmanns eru þá: „Það er betra að hafa engann en þig“ til að spara kostnað.

Með hag handboltaíþróttarinnar í huga er þetta rökrétt skref, styrkja deildina, gefa fleirum tækifæri og fjölga liðum. Það gerist ekki á einu ári, en það myndi ýta undir það. Eitt skref af mörgum í þá átt.

Einnig er þetta keppikefli fyrir landsbyggðarlið sem ferðast í alla útileiki. Gamli góði „sprinterinn“ er ekki lengur nógu stór til þess að fara í útileiki, með 16 leikmenn og 5 starfsmenn.



67. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2027

Þingskjal nr: 6

Ályktun:

Flutningsaðili: KA

Ályktun

67. ársþing HSÍ beinir því til stjórnar HSÍ að breyta reglugerð um Handknattleiksmót og félagaskipti þar sem reglur um yennslalið verða rýmkaðar og að leikmönnum verði heimild að spila bæði með samningsfélagi og yennslaliði.

Greinargerð

- Tímabilið 2016-2017 var gerð sú breyting að leyfa félögum að skrá til leiks U-lið í keppni í meistaraflokki. 2. flokkur karla var síðan tekinn út í kjölfarið tímabilið 2017-2018.

KA telur að sú breyting sem við höfum gert á íslenskum handknattleik á undanförunum árum hafi orðið til þess að leikmönnum, sem ekki eru nógu góðir til að spila með aðalliðum síns félags eða hafi ekki til þess tíma vegna vinnu/skóla, hafi fækkað. Við teljum stöðuna vera þannig að mörg félög geta ekki boðið uppá verkefni fyrir leikmenn sem eru komnir yfir svokallaðan „U-liðs aldur“.

Það er einfaldara fyrir liðin að skrá til leiks U-lið vegna þess að færsla leikmanna á milli aðalliða og U-liða er mjög hentug. Í U-liðinum má hinsvegar bara tefla fram tveimur „eldri“ leikmönnum sem veldur því að fá sem engin verkefni eru hjá mörgum félögum fyrir þessa eldri leikmenn.

KA telur að með því að rýmka reglur um yennslalið og bjóða uppá svipað umhverfi fyrir U-lið og yennslalið þá sjái félögin sér hag í að vera frekar með yennslalið í keppni heldur en U-lið og þar með bjóða uppá vettvang fyrir leikmenn sem ekki komast í aðal-lið félagana.

KA telur þó mikilvægt að reglur um yennslalið verði ögn þrengri en núverandi reglur um U-lið. Að okkar mati er erfitt fyrir liðin í Grill deildinni að bjóða uppá afreksumhverfi þegar það er ómögulegt fyrir þau að vita hvaða leikmönnum þau mæta í hverri viku, með þessum breytingum væri mótið í Grill66 deildinni sanngjarnara. Áfram verður haldið í möguleikan á því að yngri leikmenn geti spilað með aðalliði og yennslaliði en eldri leikmenn þurfi hinsvegar að fylgja strangari reglum.

Slíkt fyrirkomulag hefur virkað í fjölda ára í deildum í Skandinavíu, þar gefst eldri leikmönnum færi á því að taka þátt í deildarkeppni í neðri deildum ásamt því að sinna krefjandi vinnu eða fjölskyldustörfum.

KA telur að með þessari breytingu fjölgi eldri iðkendur hjá félögum, Grill66 liðin spili í eðlilegra keppnisumhverfi og deildarkeppnin verði líflegri með yennslaliðum frekar en U-liðum.



**67. ársþing HSI haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2027**

Þingskjal nr: 7

Ályktun:

Flutningsaðili: Stjórn HSI

Ályktun

67. ársþing HSI beinir því til stjórnar HSI að breyta reglugerð um Handknattleiksmót þar sem lið í úrvalsdeild munu sitja hjá í 32 liða úrslitum bikarkeppni HSI.

Greinargerð

Á formannafundi HSI var stjórn HSI beðin um að leggja fyrir ársþing til atkvæðisgreiðslu þá tillögu að úrvalsdeildarlið sitji hjá í 32 liða úrslitum bikarkeppni HSI.

67. ÁRSPING HSÍ



Afreksstefna HSÍ
Þingskjal 8



Afreksstefna HSÍ

Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaganna
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættternis og stöðu að öðru leyti.

Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleikisíðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir íðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.

Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum.



Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldin fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögum. Félögin geta pantað dómaramánskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómarapör í fremstu röð á alþjóðavísu og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

Stefna HSÍ er að eiga ávallt alþjóðlega dómarapör ásamt því að vera með yngri dómara í þjálfun hjá EHF. Alþjóðadómarapörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómaranefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.



Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglunga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknaðar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglingalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

U-14/15 ára landslið, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

U-16/17 ára landslið, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

U-18/19 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri



Þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

U-20/21 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi.

A & B landslið

A-landslið, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.

Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtímamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

B-landslið æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

Þjálfarar landsliða

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunnar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa MasterCoach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfilíkarir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

Yfirþjálfari yngri landsliða stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

Markmannsþjálfari fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.



Styrkþjálfari sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

Leikgreiningar eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðsþjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmiskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

Sjúkraþjálfarar fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

Sjúkranuddari ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

Læknar ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

Næringarfræðingur er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

Andleg þjálfun, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmiskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

Mælingar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarksþol og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.



Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjóðarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framganga landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpsþessamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Í framtíðinni er vonast til að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða enn frekar í keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afreksstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.



Þingforseti lagði til að þingskjölunum yrði vísað til umfjöllunar í allsherjar- og laganefnd í þinghléi. Engin óskaði eftir því að taka til máls og var því tillaga þingforseta samþykkt.

Tillaga um að vísa málunum fjórum til allsherjar- og laganefndar var samþykkt.

---- Þinghlé á meðan þingnefndir starfa ----

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna til baka eftir hlé. Áður en dagskrá hófst aftur bað hann Ólaf Víði Ólafsson, formann kjörbréfanefndar, að koma upp í pontu og fara yfir atkvæðafjölda í salnum.

Ólafur Víðir ávarpaði þingheim og tók talningu, með sama sniði og við upphaf þingsins. Tvær breytingar höfðu orðið á kjörbréfum. Víkingur hafði bætt við sig einum og Stjarnan fækkað um einn.

Afturelding 2, FH 2, Fjölur 1, Fram 2, Gróttá 2, Haukar 4, HK 4, ÍBV 3, ÍR 4, Selfoss 2, Stjarnan 3, UMSK 1, Valur 3, Víkingur 4, Þór 4.

Ólafur Víðir staðfesti að 40 atkvæði væru í salnum þegar þingstörf hófust eftir hlé. Hins vegar hafi 41 þingfulltrúi mætt á þingið og því hafi heildarfjöldi atkvæða á þinginu verið 41.

16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Fyrir hönd fjárhagsnefndar bauð þingforseti Gísli Valdórsson að koma í pontu og gera grein fyrir tillögu nefndarinnar.

Gísli sagði að fjárhagsfundurinn hafi verið fjölmennur. Nefndin gerði ekki miklar athugasemdir við fjárhagsáætlunina. Gísli sagði nefndina treysta því að áætlunin byggði á góðum gögnum. Þó lagði hann fram eina breytingartillögu á verðskrárhækkunum á þáttökugjöldum yngri flokka. Í fjárhagsáætlun var lagt til að þáttökugjöldin í 3. og 4. flokki yrðu hækkuð úr 20 þúsund í 50 þúsund, sem væri 150% hækkun. Gísli sagði flest félög vera með bæði karla og kvennalið og væntanlega eitt, tvö eða þrjú lið hvorum megin. Þetta væru ekki stóru peningarnir fyrir HSÍ, eins og Gísli orðaði það. Heildarmótagjöldin myndu hækka um 3,5 milljónir króna á milli ára. Þessi hækkun gæti hins vegar munað töluverðu fyrir félögin. Í ljósi þess að komið væri inn í miðjan júní og félögin, og eftir atvikum barna- og unglingaráð, farin að leggja fram æfingagjöld fyrir næsta haust væri þetta dálítið brött hækkun. Nefndin lagði því til að þáttökugjöldin yrðu hækkuð í 35 þúsund í ár og endurskoðuð á næsta þingi.

Þingforseti lagði breytingartillögu fjárhagsnefndar fram til samþykktar.

Breytingartillaga fjárhagsnefndar var samþykkt samhljóða.

Þingforseti lagði fjárhagsáætlun með breytingartillögunni fram til samþykktar.

Fjárhagsáætlun með breytingartillögu var samþykkt samhljóða.



Þingforseti bauð Reyni Stefánssyni upp í pontu til að kynna störf allsherjar- og laganefndar.

Þingskjal nr. 4

Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ, bað um orðið til að kynna breytingartillögu.

Róbert lagði fram breytingartillögu á þingskjali nr. 4 áður en það yrði lagt fram til atkvæðagreiðslu. Breytingartillagan var lögð fram sem þingskjal nr. 4.1 og fólst í því að þar sem áður stóð *liðið í 11. sæti* stóð nú *liðið í næstneðsta sæti úrvalsdeildar* og síðar í textanum var *11. sæti* breytt í *næstneðsta sæti úrvalsdeildar*. Ástæðan fyrir breytingartillögunni væri að lagagreinin næði yfir 10-12 liða úrvalsdeild og því væri ekki hægt að tengja þetta bara við 11. sætið.

Reynir Stefánsson steig í pontu fyrir hönd allsherjar- og laganefndar.

Nefndin var einhuga í því að leggja til við þingið að þingskjal nr. 4.1 yrði samþykkt.

Þingforseti lagði þingskjal nr. 4.1 fram til samþykktar.

Þingskjal nr. 4.1 var samþykkt með 36 atkvæðum gegn 4 atkvæðum.

Reynir Stefánsson steig aftur í pontu til að kynna þingskjöl nr. 5, 6, 7 og 8.

Þingskjal nr. 5 fjallaði um ályktun til stjórnar HSÍ varðandi það að breyta leikmannafjölda á leikskýrslu. Nefndin klotnaði þarna og var ekki sammála. Tveir af þremur sem sátu í nefndinni lögðu til að þingskjali nr. 5 yrði synjað og áfram yrðu 16 leikmenn á skýrslu.

Nefndin var einhuga um að þingskjali nr. 6 yrði vísað til stjórnar og skrifstofu HSÍ til nánari útfærslu varðandi venslaliðin. Nefndin hafði áhyggjur af því að ef ekki yrði vandað til verka væri líklegt að misnotkun myndi eiga sér stað, svo sem að leikmenn sem væru í banni í venslaliði væru lánaðir, eða eitthvað slíkt. Þess vegna lagði nefndin til þess að þetta yrði útfært og vandað yrði til verka hvernig staðið yrði að leikmannamálum.

Þingskjal nr. 7. Nefndin var sammála um að Olísdeildarliðin myndu sitja hjá fram að 16 liða úrslitum. Hún lagði til að þetta yrði útfært líka og samþykkt.

Þingskjal nr. 8 var afreksstefnan og nefndin lagði líka til að hún yrði samþykkt.



67. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöllinni
24. maí 2027

Þingskjal nr: 4

Lagabreyting
Flutningsaðili: KA

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundin skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild ~~skulu 2 neðstu liðin fallaskal neðsta liðið falla~~ og efsta liðið í 1. deild ~~tekur sæti þess. Liðið í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leikur umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2.-5. Sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.



C. Umspil 1. deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Lið 3 í næst neðsta sæti 1-úrvals-deildar mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1. deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

Greinargerð

Það er algjörlega borðliggjandi að betrubæta umspilið um laust sæti í úrvalsdeild með því að taka 11. sætið í Olís-deildinni inn í það.

Fyrir því liggja þónokkur rök:

- 1) Þar sem U-lið, sem skipa stærstan hluta liða í Grill66 deildinni geta ekki farið upp hefur undanfarin ár verið „auto“ fyrir tímabil hvaða lið keppa í umspili um laust sæti í úrvalsdeildinni. Þetta hefur orðið til þess að:
 - a. Þó að lið falli tölfræðilega, á það samt möguleika á að fara upp
 - b. Lið geta spilað heilan vetur án þess að vinna leik en samt farið upp í úrvalsdeild
 - c. Lið geta styrkt sig 30. Janúar um þónokkra leikmenn og gert atlögu að úrvalsdeild, búnir að spila (og tapa) öllum leikjum fram að því
 - d. Undanfarin 2 ár hafa bara verið fjögur félög í Grill66 sem mega fara upp, og því ljóst strax að hausti að 1 lið fer beint upp og 3 í umspil (sem ættu í raun að vera fjögur)
 - e. Með þessu er hægt að gefa liðunum í Grill66-deildinni meiri tíma til að byggja upp sín lið og gera þau tilbúnari til að fara upp í Olís-deildinni og vera keppnishæf þar. Mörg dæmi sýna að lið úr Grill66-deildinni hafa „neyðst“ til að fara upp án þess að



vera í raun tilbúin í það. Sem hefur síðan kostað þau að þau hafi fallið strax aftur og misst sína bestu leikmenn til stærri félaga.

- 2) Liðin sem hafa komið upp um deild (tvö á hverju ári) hafa ítrekað fallið beint aftur. Þau eru ekki nægilega sterk til þess að standa af sér úrvalsdeildarbaráttu á fyrsta ári. Það að bæta 11. Sætinu í umspil verður til þess að úrvalsdeildarliðin hafi meiri möguleik á að tryggja sæti sitt og bæta sitt lið og umgjörð áfram.
- 3) Á síðastliðnum 9 árum eru bara þrjú félög sem hafa komið upp úr Grill66 deildinni og haldið sæti sínu í deildinni, KA, HK og Gróttu. Hin liðin hafa komið upp og fallið strax aftur.

Með því að taka 11. Sætið í umspilið verður þessi ávinningur:

- a. Umspilið verður sterkara, m.v. úrslitin og spennuna í umspili kvennamegin undanfarin ár.
- b. Lið geta ekki farið á frípassa í gegnum Grill66 deildina og gert atlöguna að sætinu í úrvalsdeild.
- c. Við búum til stabílari úrvalsdeild
- d. Við búum til fleiri leiki í „úrslitakeppni“ sem laðar að fleiri áhorfendur, gefur félögunum tekjur og býr til meiri stemmingu.

Við viljum að 11 sætið spili við 4. Sætið í Grillinu, og 2.og3.sætið mætist í „undanúrslitum“. Það er til þess að enginn sitji hjá, og fari í 3 vikna pásu í apríl. Jafnari grundvöllur, fleiri leikir sem gefa tekjur og stemmingu.



Þingskjal nr. 5

Þingskjal nr. 5 var lagt fram til samþykktar.

Þingskjal nr. 5 var fellt á jöfnu, 18 atkvæði gegn 18 atkvæðum. Fimm sátu hjá.

Þingskjal nr. 6

Þingskjal nr. 6 var lagt fram til samþykktar.

Þingskjal nr. 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7

Þingskjal nr. 7 var lagt fram til samþykktar.

Þingskjal nr. 7 var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 5 atkvæðum.

Þingskjal nr. 8

Þingskjal nr. 8 var lagt fram til samþykktar.

Þingskjal nr. 8 var samþykkt án athugasemda.

17. Önnur mál

Arnar Pétursson, landliðsþjálfari kvenna, fékk orðið.

Arnar sagðist hafa tekið þá ákvörðun á þinginu að koma upp í pontu undir þessum lið í ljósi þess að fram hafi komið að áhrif fjárskorts væru nú þegar farin að sjást á afreksstarfi HSÍ. Leikjum og verkefnum hjá yngri landsliðunum hafi verið fækkað strax í sumar og eins og komið hafði fram í máli framkvæmdastjóra fyrr á þinginu, að ef ekki yrðu einhverjar breytingar þá stefndi í að fækka þyrfti jafnvel verkefnum hjá A-landsliðunum líka. Arnar sagði það meiriháttar tíðindi og í raun og veru alveg grafalvarleg, að sambandið væri komið á þann stað að það þyrfti að draga úr afreksstarfinu. Þá sérstaklega vegna þess að fyrir niðurskurðinn væri Ísland ennþá töluvert á eftir þeim þjóðum sem við vildum bera okkur saman við, það væri Noregur, Danmörk og Svíþjóð. Þar styddi Ólympíutoppurinn mun betur við landsliðin en sá stuðningur er sem íslensku landsliðin fá. Arnar hefur starfað sem landsliðsþjálfari A-landsliðs kvenna í fimm ár og hefur á þeim tíma ferðast með öðrum landsliðum og gist með öðrum landsliðum. Hann sagði að í öll þau skipti sem íslenska landsliðið hafi verið í kringum Norðmenn eða Svía hafi þar verið bæði styrkþjálfari og sálfræðingur með í för og þar væri í raun og veru verið að vinna mun dýpra starf en íslensku landsliðin hafi tök á. Þrátt fyrir að HSÍ hafi verið að bæta í undanfarin ár. Arnar sagði það sorglegt ef staðan væri orðin þannig að sambandið þyrfti að fara að skera niður vegna þess að það hefði ekki fjármagn til að sinna



afreksstarfinu almennilega. Þess vegna langaði Arnari að áður en þingfulltrúar færu af þinginu myndu þeir sammælast um að beita þrýstingi þar sem hann skipti máli.

Arnar sagði að miðað við stöðuna í pólitíkinni á Íslandi þá væri ekki langt í næstu kosningar. Þar væri tækifæri fyrir handboltahreyfinguna að herja á þá sem ráða því í hvað peningarnir fara, í hvað skattþeningunum okkar væri úthlutað. Hann sýndi þingfulltrúum skjal með upplýsingum um framlegð úr afrekssjóði. Ákveðið var árið 2020 að framlag ríkisins til afrekssjóðs ÍSÍ skyldi vera 400 milljónir króna. Árið eftir og alveg síðan hafði þessi upphæð, að sögn Arnars, aðeins verið 392 milljónir króna. Upphæðin fannst Arnari vera grín. Hún væri svo lág. Hins vegar væri ennþá meira grín að ef upphæðin hefði fylgt verðlagi væri hún 517 milljónir króna árið 2024. Ennþá væri upphæðin þó 392 milljónir króna. Þarna á milli munaði 125 milljónum króna, sem væri engin smá upphæð að mati Arnars. Þetta væri eitthvað sem handboltahreyfingin yrði að þrýsta á að yrði leiðrétt og lagað.

Annað skjal sem Arnar varpaði upp fyrir þingfulltrúa sýndi heildarkostnað sérsambandanna af afreksípróttum. Árið 2023 var hann um 3 milljarðar króna og afrekssjóðurinn lagði 392 milljónir króna upp í þann kostnað. Handknattleikssambandið fékk úr afrekssjóði 86 milljónir króna árin 2022 og 2023, og á árinu 2024 myndi upphæðin lækka niður í 84,8 milljónir króna. Þrátt fyrir að HSÍ hafi farið úr því árið 2021 að vera með eitt yngra landslið á lokamóti í það að vera með fjögur árið 2024 og auk þess að vera með tvö A-landslið á lokamóti í stað eins, þá fylgdu upphæðirnar engan veginn í samræmi við aukin umsvif. Arnar sagði að það kallaði á að reksturinn yrði erfiðari. Núna væri staðan sú að árið 2023 töpuðust um 80 milljónir króna hjá HSÍ og bara kostnaðurinn við A-landslið kvenna jókst um 40 milljónir króna án þess að aukinn styrkur kæmi á móti. Arnar grínaðist með að það væri náttúrulega best að leggja bara niður þetta kvennalandslið. Hætta þessum kvennahandbolta og ýta undir karlana og fara fram á einhvern árangur þar. Galið að maður skuli segja þetta, sagði Arnar, en þannig væri þetta og þess vegna þyrfti að breyta einhverju og breyta hugsunarhætti þeirra sem ráða og færu með fjárveitingavaldið. Svona gengi þetta ekki upp.

Næst lagði Arnar áherslu á það hvernig fjármununum væri skipt. Liður 18 í fjárlögum væri *Menning, listir, íþróttar- og æskulýðs mál*. Þetta væri sem sagt einn liður undir fjárlögum, sagði Arnar. Samtalan fyrir lið 18 var 22 milljarðar króna árið 2022, 21 milljarður króna árið 2023 og áætlun út árið 2026 gerði ráð fyrir 20,5 milljörðum króna. Sem færu sem sagt í menningu, listir, íþróttir og æskulýðsmál. Arnar sýndi síðan þingfulltrúum hvernig fjármunum innan liðs 18 væri skipt milli menningar og lista annars vegar og íþróttar- og æskulýðsmála hins vegar. Fyrir árið 2024 var skiptingin svona: menning og listir 20 milljarðar króna og íþróttir- og æskulýðsmál 1,5 milljarður króna. Arnar velti því fyrir sér hvað ylli því. Hann tók það fram að honum fyndist frábært að menningin fengi þessa peninga. Hann hefði gaman af því að fara í Þjóðleikhúsið og fyndist Sinfónían frábær. Hins vegar þyrfti að bæta í íþróttirnar og æskulýðsmálin. Það þyrfti ekkert endilega að taka af menningunni eða listunum. Heldur einfaldlega að leiðréttá þessar tölur og bæta í íþróttar- og æskulýðsmálin. Það sem verra væri, að sögn Arnars, væri að samkvæmt áætlun fyrir árið 2026 væri verið að skera niður. Íþróttir- og æskulýðsmál færu úr 1,5 milljörðum króna niður í 1,3 milljarða króna. Þá óttaðist Arnar, hvað yrði um afrekssjóðinn, sem stæði í 380 milljónum króna árið 2024. Ef það ætti að fara að skera niður, hvert myndi afreksstarfið þá stefna. Ætti HSÍ að fara að rukka foreldrana, eða ætti



að fara að rukka A-landsliðsstelpurnar um 500 þúsund krónur á ári fyrir að vera í A-landsliðinu. Þetta getur ekki gengið svona, sagði Arnar. Þess vegna þyrfti að nýta komandi kosningar, hvenær sem þær yrðu, til að leiðrétta þetta. Arnar lagði áherslu á nokkrar tölur úr fjárlögum fyrir árið 2024:

- Þjóðleikhúsið: 2 milljarðar
- Sinfóníuhljómsveit Íslands: 2 milljarðar
- Íslenski dansflokkurinn: 333 milljónir
- Harpan: 1,2 milljarður
- Launasjóður listamanna: 978 milljónir
- Afrekssjóður íþróttamála: 392 milljónir

Arnari fannst þetta sýna svart á hvítu að það væri eitthvað skakkt gefið og lagði áherslu á að það skipti rosalegu máli að handboltahreyfingin og íþróttahreyfingin í heild sinni færi að tala sterkar saman til að ná eyrum þeirra manna sem ráða þessu og fá þetta leiðrétt. Afrekssjóður, upp á 392 milljónir króna, ætti að sjá um allt afreksstarfið á Íslandi. Öll landslið Íslands. Þessi tala hafi verið óbreytt í fimm ár, sagði Arnar. Rödd menningar og lista væri miklu stærri og sterkari en rödd íþróttahreyfingarinnar þegar kæmi að fjárútláti frá ríkinu. Þessu þyrfti að breyta, að mati Arnars. Enn og aftur lagði Arnar áherslu á gríðarlegt mikilvægi þess að fá þessu breytt á komandi mánuðum. Handknattleikssambandið væri nú þegar farið að skera niður í afreksstarfinu og ef þetta breyttist ekki, þyrfti að skera enn frekar niður sem væri katastrofa fyrir allt það sem handboltahreyfingin væri að reyna að gera.

Þingforseti bauð orðið laust.

Enginn kvað sér hljóðs.

18. Kosning stjórnar

Þingforseti sýndi þingfulltrúum hverjir væru í framboði til stjórnar. Síðan gaf hann þingfulltrúum tækifæri til að taka til máls.

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, bað um orðið.

Uppsetningin á framboði til stjórnar var tvenns konar að þessu sinni. Auglýst var eftir framboðum í stjórn í tiltekin embætti. Í eftirfarandi þrjú embætti var aðeins einn frambjóðandi um hverja stöðu og töldust þeir því allir sjálfkjörnir:

- | | |
|--|------------------------|
| • Framboð til landsliðsnefndar kvenna (2 ár) | Guðríður Guðjónsdóttir |
| • Framboð til formanns mótanefndar HSÍ (2 ár) | Kristín Þórðardóttir |
| • Framboð til formanns dómarnefndar HSÍ (2 ár) | Ólafur Örn Haraldsson |



Enginn bauð sig fram í tvö embætti, það var annars vegar gjaldkeri og hins vegar markaðsstjóri. Þá var skipuð uppstillingarnefnd sem gerði það að tillögu sinni að Sigurborg Kristinsdóttir yrði gjaldkeri og Bjarni Ákason yrði í markaðsmálunum. Guðmundur útskýrði fyrir þingfulltrúum að enn væri hægt að bjóða sig fram gegn tillögum uppstillingarnefndarinnar en ekki hinum frambjóðendum.

- Framboð til gjaldkera HSÍ (2 ár) Sigurborg Kristinsdóttir
- Framboð til formanns markaðsnefndar HSÍ (1 ár) Bjarni Ákason

Þingforseti spurði þingfulltrúa hvort einhver hefði hug á að bjóða sig fram. Enginn bauð sig fram og því lagði þingforseti tillögu að stjórn fram til samþykktar í heild sinni.

Þingheimur samþykkti nýja stjórnarmeðlimi með lófaklappi.

Framboð til varastjórnar HSÍ til eins árs:

- Alfreð Örn Finnsson
- Kristján Gaukur Kristjánsson
- Ragnar Lárus Kristjánsson

Aðeins þrjú frambjóðendur voru til varastjórnar HSÍ og töldust þeir því allir sjálfkjörnir.

Þingforseti lagði tillöguna fram fyrir fundinn.

Þingheimur staðfesti með lófaklappi.

19. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Gunnar Erlendsson
- Theódór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Engin önnur framboð eða tillögur bárust.

Þingforseti lagði tillöguna fram fyrir fundinn.

Þingheimur staðfesti með lófaklappi. Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn töldust allir réttkjörnir.



20. Kosning í dómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Sigurður Smári Hilmarsson

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Eiríkur Elís Þorláksson
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar aðrar tillögur eða athugasemdir bárust.

Þingforseti lagði tillöguna fram fyrir fundinn.

Þingheimur staðfesti með lófaklappi. Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í dómstól HSÍ.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSÍ voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Þrír varamenn í áfrýjunardómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinson
- Vala Valtýsdóttir

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þingforseti lagði tillöguna fram fyrir fundinn.

Þingheimur staðfesti með lófaklappi. Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í áfrýjunardómstól HSÍ.

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Þingforseti lagði fram tillögu við þingið um að vísa kosningu fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ til stjórnar HSÍ.

Þingheimur samþykkti með lófaklappi.



23. Þingslit

Þingforseti bauð Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSÍ, upp í pontu til að slíta þinginu.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum kærlega fyrir setuna á þinginu. Hann minnti þingfulltrúa á að framundan væri verkefni við að afla meiri tekna og reyna að skipuleggja starfið þannig að það bitni sem minnst á afreksstarfinu. Þá sagði hann að handboltinn þyrfti kannski að vera sýnilegri rödd í þessari umræðu. Hann þakkaði Arnari Péturs alveg sérstaklega fyrir að setja stöðuna upp í svona skýra mynd um það hvernig skipting fjármunanna frá ríkinu væri. Guðmundur tók fram að hann hefði aldrei verið talsmaður þess að reyna að tala einhverja aðra niður, rétt eins og Arnar hefði bent á væri það heldur ekki tilgangurinn, heldur að reyna að vekja athygli manna á því að framlög til íþróttá- og afreksstarfs væru bara ekki nóg. Guðmundur sagðist hafa heyrt á þinginu að það væri frekar þungt yfir og menn væru bara að hugsa um fjármál og leiðindi. Hann fullvissaði hins vegar þingfulltrúa um að bjart væri framundan og handboltaveturinn yrði skemmtilegur. Skemmtileg landsliðsverkefni væru framundan og full ástæða væri til að horfa björtum augum til framtíðar. Að lokum þakkaði Guðmundur þingforseta kærlega fyrir sín störf og fyrir að hafa komið með stuttum fyrirvara. Hann hafi staðið sig frábærlega.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum fyrir góð þingstörf.

67. ársþingi HSÍ slitið.